



Skólanámskrá

Árskóla

Skólaárið 2020-2021

Efnisyfirlit

Inngangur	10
1. kafli. Almenn atriði	11
Um skólann	11
Saga skólans	11
Skólasöngur	13
Merki skólans	14
Skrifstofa skólans	14
Skólaráð	15
Heimasíðan	15
2. kafli. Stefna Árskóla	16
Skólastefna Árskóla	16
Skólabragur	18
Agamál	19
Dæmi um verklagsferli vegna hegðunar- og samskiptavanda nemanda	19
Starfsmannastefna	21
Símenntunarstefna	22
Jafnréttisstefna Árskóla	22
Starfsmenn	23
Nemendur	23
Forvarnar- og heilsustefna Árskóla	24
Umhverfisstefna	25

Móttöku- og tilfærsluáætlun	25
Móttaka nemenda í 1. bekk	26
Móttaka nemenda í 2. – 10. bekk sem hefja nám að hausti	27
Móttaka nemenda í 1. – 10. bekk sem hefja nám eftir að skólastarf er hafið	27
Móttaka nemenda af erlendum uppruna	28
Móttaka nemenda með sérþarfir	29
Tilfærsluáætlun vegna nemenda með sérþarfir	29
Flutningur nemenda á milli skólastiga grunnskólans	30
Áfallaáætlun	31
Eineltisáætlun	31
Hvað er einelti?	32
3. kafli. Helstu áherslur í starfi Árskóla	33
4. kafli. Nám og kennsla	35
Grunnþættir menntunar	35
Læsi í víðum skilningi	35
Lýðræði og mannréttindi	37
Heilbrigði og velferð	38
Jafnrétti	39
Sköpun	40
Skipulag kennslu	41
Teymiskennsla	41
Kennsluaðferðir	42
Kennsluaðferðir í Árskóla	42

Námsáætlanir	45
Viku – og heimavinnuáætlanir	45
Yngsta- og miðstig	45
Unglingastig	45
Viðmiðunarstundaskrá	45
Skýringar við einstök námssvið í viðmiðunarstundaskrá	47
Námsgreinar og námssvið	48
Danska	48
Enska	48
Heimilisfræði	48
Hönnun og smíði	49
Íslenska	49
Skólaþróttir	50
Lífsleikni	50
Myndmennt	51
Náttúrugreinar	51
Samfélagsgreinar	51
Stærðfræði	52
Textílmennt	52
Tónmennt	52
Upplýsinga- og tæknimennt	53
Valgreinar í 9. og 10. bekk	53
Námsgögn	54

Heimanám	54
Fjar- og dreifnám	55
Námsmat	55
5. kafli. Nemendur	59
Hefðir í skólastarfínu	59
Árshátiðir og bekkjarskemmtanir	61
Skólaferðir	62
Aðrir fastir liðir í skólastarfínu	63
6. kafli. Stoðþjónusta	64
Starfsfólk stoðþjónustu	64
Námsaðlögun	65
Námsver	66
Kennslu- og þjálfunaraðferðir	66
Tengslastofnanir	67
Nemendaverndarráð	67
Fræðslubjónusta Skagafjarðar	68
Skólasálfræðingur	69
Talmeinafræðingur	69
Skólaráðgjafi	69
Kennsluráðgjafi	70
Fyrirbyggjandi athuganir og mat	70
7. kafli. Samstarf heimilis og skóla	73
Mentor – fjölskylduvefur	73

Kynningar- og fræðslufundir	74
Tölvusamskipti	74
Foreldrafélag	74
Viðtalsdagar	75
Heimsóknir foreldra/forsjáraðila í kennslustundir	75
Vinnustaðakynningar	76
Bekkjarfulltrúar - tengiliðir	76
8. kafli. Þróunarstarf og mat	77
Mat á skólastarfi	77
Innra mat	77
Árlegar kannanir	78
Nemendakönnun	79
Foreldrakönnun	79
Starfsmannakönnun/skimun	79
Ytra mat	79
Þróunarstarf	80
Fagmennska starfsfólks	80
Upplýsingatækni	81
Byrjentalæsi	81
Orð af orði	82
Umsjónartímar í 8. – 10. bekk	82
Samstarf við aðra skóla	82
9. kafli. Starfsmenn	84

Starfsánægja	84
Fagmennska starfsfólks	84
Vinnuumhverfi	84
Siðfræði	84
Starfsreglur og lög	85
Móttaka nýrra starfsmanna	85

Inngangur

Skólanámskrá Árskóla er unnin af starfsfólk skólans. Hún byggir á Aðalnámskrá grunnskóla frá 2011 og lögum um grunnskóla frá 2008, auk skólastefnu Skagafjarðar og annarrar stefnumörkunar frá sveitarfélagini. Samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla er skólanámskrá nánari útfærsla á ákvæðum Aðalnámskrár og í henni gefst kostur á að laga opinber fyrirmæli að sérstöðu hvers skóla og staðbundnum aðstæðum og gera grein fyrir hvernig þær aðstæður eru nýttar til að efla nám og kennslu. Í skólanámskrá er gerð grein fyrir þeim gildum sem starf skólans byggist á og þar eru útfærð þau almennu viðmið sem sett eru í aðalnámskrá. Umsagnaraðilar um skólanámskrána eru skólaráð og fræðslunefnd. Hún er endurskoðuð eftir þörfum.



1. kafli. Almenn atriði

Um skólann

Árskóli er heildstæður grunnskóli fyrir nemendur sem búa á Sauðárkróki, í Hegranesi, á Reykjaströnd og á Skaga. Í Árskóla vinnur sérmenntað starfsfólk saman að því að mæta ólíkum einstaklingum með krefjandi verkefnum við hæfi hvers og eins. Unnið er í anda hugmyndafræðinnar um skóla án aðgreiningar og lögð er áhersla á að koma til móts við námsþarfir allra nemenda í skólahverfinu.

Starfsemi Árskóla fer fram í húsnæði skólans við Skagfirðingabraut, en haustið 2013 var byggt við skólahúsið og öll starfsemi skólans flutti undir eitt þak. Lögð var niður starfsemi í gamla skólahúsinu við Freyjugötu sem áður hýsti 1. – 3. bekk. Í Árskóla starfa um 430 manns, þar af stunda um það bil 360 nemendur nám. Skólinn er deildaskiptur í yngsta stig, miðstig og ungingastig. Hann er einsetinn og hefst skólastarf kl. 8:10 alla virka daga. Skólahúsið er opnað klukkan 7:30 á morgnana. Boðið er upp á morgunmat og hádegismat í matsal skólans og geta allir nemendur og starfsmenn nýtt sér það. Að kennslu lokinni gefst nemendum á yngsta stigi, 1. – 2. bekk kostur á lengdri viðveru í Árvist – tómstundaskóla kl. 13:10 til 16:30 alla daga.

Saga skólans

Fyrsti barnaskólinn á Sauðárkróki var stofnaður og hafin í honum kennsla 3. janúar 1882, en þá var tekið í notkun nýbyggt skólahús sem var á svipuðum slóðum og Verslun Haraldar Júlíussonar er núna. Með auknum íbúafjölda varð skólahúsið brátt of lítið og var þá ráðist í byggingu annars húss, sem tekið var í notkun í október 1908, og er það húsið sem Náttúrustofa Norðurlands vestra var í til skamms tíma.

Húsnæði skólans við Freyjugötu sem lagt var af haustið 2014 var byggt 1947 og hýsti þá einnig Gagnfræðaskólann á Sauðárkróki og Iðnskóla Sauðárkróks allt til ársins 1968, er skólahúsið við Skagfirðingabraut var tekið í notkun. Kennsla hófst í gagnfræðaskólalahúsínu við Skagfirðingabraut haustið 1968. Fyrstu árin var kennsla gagnfræðastigsins og Iðnskólans þar.

Árskóli var stofnaður vorið 1998, en þá voru Barnaskólinn á Sauðárkróki og Gagnfræðaskólinn á Sauðárkróki sameinaðir undir eina stjórn. Haustið 2001 var tekin í notkun nýbygging við Árskóla við Skagfirðingabraut með 8 kennslustofum og 3 litum sérkennslustofum. Auk þess var miðrými skólans breytt og útbúin ný og betri aðstaða fyrir starfsfólk og skrifstofu skólans. Haustið 2013 var tekin í notkun nýbygging við skólann með 6 nýjum kennslustofum, fjölnotastofu, stækkuðum matsal og skolasafni, auk vinnurýmis kennara. Með þessari viðbót var hægt að flytja allt skólastarf undir eitt þak.

Helstu þættir í þróun skólastarfsins frá stofnun Árskóla eru þessir:

- Öflugt foreldrasamstarf. Markmið skólans er að stuðla að og leggja rækt við gott samstarf milli heimila og skóla og auka þátttöku foreldra í skólastarfinu. Gott samstarf við heimilin er forsenda farsæls skólastarfs og að nemendum líði vel í skólanum.
- Jákvæður agi. Í skólanum eru gerðar miklar kröfur til nemenda varðandi aga, en ávallt er reynt að vinna með öll agamál á jákvæðan hátt og reynt að tryggja að sambærileg mál séu meðhöndluð á sama hátt.
- Sjálfsmat. Skólinn er frumkvöðull hér á landi í notkun Gæðagreina við innra mat á skólastarfinu. Árlegar kannanir meðal foreldra, nemenda og starfsmanna gera okkur kleift að leggja mat á hina ýmsu þætti skólastarfsins og bera þá saman milli ára.
- Listir. Lögð er rík áhersla á list- og verkgreinakennslu og leiklist skipar veglegan

sess í skólastarfinu.

- Danskennsla. Rík hefð er fyrir danskennslu í skólanum, en fyrstu 6 starfsár hans fengu allir bekkir danskennslu eina kennslustund á viku. Í dag er danskennslan í námskeiðsformi nokkrum sinnum á skólaárinu.
- Öflugt forvarnarstarf. Mikil áhersla er lögð á að efla forvarnir við skólann og höfum við t.a.m. fengið fulltrúa Forvarnarfræðslu Magnúsar Stefánssonar í heimsókn árlega þar sem fundað hefur verið með nemendum, foreldrum og starfsfólki. Fundað hefur verið með sömu hópum varðandi forvarnir gegn ýmiss konar ofbeldi. Málefni eins og samskipti, geðheilbrigði, kynheilbrigði, aukið sjálfsöryggi og bættari sjálfsmynd barna og unglings skipa einnig stóran sess í forvörnum skólans. Forvarnaráætlun skólans er birt á vefsíðu Árskóla.
- Olweusarskóli. Í Árskóla hefur verið unnið samkvæmt eineltisáætlun Olweusar frá árinu 2002.

Skólasöngur

Skólasöngurinn skipar veglegan sess í skólastarfinu. Lögð er áhersla á að allir nemendur skólans kunni skólasönginn. Textinn er eftir Björn Danielsson, fyrrverandi skólastjóra Barnaskólans.

Skólasöngur Árskóla

Við syngjum að morgni með æskulétri lund,
því lífið og gæfan oss kalla á sinn fund,
og skólans merki hefjum hátt frá jörð
til heilla fyrir sveit vora Skagafjörð.

Því okkur er falið að erfa þessa byggð
og efla til dáða og rækta starf og tryggð.

Á langferð gegnum lífsins bjarta vor,
ó, landsins drottinn, blesa þú öll vor spor.

Merki skólans



Hugmyndin að merkinu er sótt í umhverfið á Sauðárkrúki. Nafirnar liggja meðfram endilöngum bænum og binda bæjarmyndina saman, með klaufum inni á milli – eins og skólinn fylgir nemendum í gegnum öll æskuárin og bindur líf þeirra saman sem mikilvægan þátt í þroska, leik og starfi.

Stærsti og sterkasti þátturinn í skólastarfinu er engu að síður fólkið. Það er enginn einn – allt skólastarfið byggir á þátttöku og samstarfi margra og þess vegna tákna brekkurnar tvær og klaufin milli þeirra einnig fólk sem sést ganga hönd og saman fram á við.

Sólin er forsenda lífs – eins og segja má að í skólastarfinu sé grundvöllur góðrar framtíðar lagður. Hún táknað ungt fólk og uppbyggingu. Sólin táknað einnig skólann, hún er eins konar leiðarstjarna, sem vakir yfir fólkini hátt á lofti. Litirnir tákna vor, sumar og líf. Grænn er litur vonarinnar, gulur er glaður. Hönnuður merkisins er Áslaug S. Árnadóttir, arkitekt. Hún er fyrrum nemandi skólans.

Skrifstofa skólans

Skrifstofa skólans er opin á skólatíma alla virka daga frá kl. 7:40 – 16:00, nema föstudaga til kl. 15:00.

Símanúmer Árskóla er: 455-1100 (skiptiborð)

Netfang skrifstofu er: ritari@arskoli.is

Netfang skólans er: arskoli@arskoli.is

Skólaráð

Við Árskóla starfar skólaráð. Í því situr skólastjóri og stýrir fundum. Auk hans sitja í skólaráði tveir fulltrúar foreldra, tveir fulltrúar kennara, einn fulltrúi annars starfsfólks skólans, tveir fulltrúar nemenda og einn fulltrúi grenndarsamfélags. Aðstoðarskólastjóri situr einnig fundi skólaráðs og ritar fundargerð. Skólaráð tekur þátt í stefnumörkun skólans og mótun sérkenna hans í samræmi við stefnu sveitarfélagsins um skólahald. Skólaráð fær skólanámskrána og ýmsar áætlanir um starf skólans til umsagnar, en fjallar ekki um málefni einstakra nemenda, foreldra eða starfsfólks skóla.

Heimasíðan

Heimasíða skólans er: <http://www.arskoli.is>

Á heimasíðu skólans er að finna fjölbreyttar upplýsingar um skólastarfið, auk tengla á gagnlegar slóðir fyrir nemendur, kennara og foreldra.



2. kaflí. Stefna Árskóla

Skólastefna Árskóla

Í lögum um grunnskóla frá 2008 segir að markmið grunnskóla, í samvinnu við heimilin, sé að stuðla að alhliða þroska allra nemenda og þátttöku þeirra í lýðræðisþjóðfélagi sem er í sífeldri þróun. Grunnskólinn á að leitast við að haga störfum sínum í sem fyllstu samræmi við eðli og þarfir nemenda og stuðla að alhliða þroska, velferð og menntun hvers og eins. Skólinn skal stuðla að góðu samstarfi við heimilin með það að leiðarljósi að tryggja farsælt skólastarf. Starfshættir skólans eiga að móta af umburðarlyndi, kærleika, kristilegri arfleifð íslenskrar menningar, jafnrétti, lýðræðislegu samstarfi, ábyrgð, umhyggtu, sáttfýsi og virðingu fyrir manngildi.

Grunnskólinn á að veita nemendum tækifæri til þess að afla sér þekkingar og leikni og temja sér vinnubrögð sem stuðla að stöðugri viðleitni til menntunar og þroska. Skólastarfið á því að leggja grunn að sjálfstæðri hugsun nemenda og þjálfa hæfni þeirra til samstarfs við aðra. Skólastefna Árskóla byggist á ofangreindum markmiðum og [skólastefnu Sveitarfélagsins Skagafjarðar](#).

Í Aðalnámskrá grunnskóla frá 2011 eru *sex grunnþættir menntunar* lagðir til grundvallar. Þeir eru: *læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun*. Í starfi Árskóla er leitast við að hafa þá að leiðarljósi í starfsháttum skólans, samskiptum og skólabrag. Efnisval og inntak náms, kennslu og leiks móta af þessum grunnþáttum.

Í Árskóla er lögð áhersla á að skólinn sé aðlaðandi vinnustaður þar sem nemendum og starfsmönnum líður vel í leik og starfi. Í skólastarfinu er lögð áhersla á að allir starfsmenn vinni náið saman að velferð nemenda. Kennrarar beita fjölbreyttum kennsluaðferðum og

hafa miklar væntingar til nemenda. Í Árskóla er öflugt stoðkerfi og teymisvinna um málefni nemenda. Lögð er áhersla á gagnkvæma virðingu nemenda og starfsmanna og jákvæðan skólabrag. Hvatt er til skapandi hugsunar og frjálsrar tjáningar og í því skyni er reynt að stuðla að blómlegri listkennslu í öllum árgöngum. Skólinn er Olweusarskóli og hefur unnið að eineltismálum undir merkjum Olweusar frá árinu 2002.

Í Árskóla er starfað samkvæmt einkunnarorðunum ***lifa – leika – læra***.

Að ***lifa*** vísar til þess að skólinn:

- búi nemendur undir líf og starf í lýðræðisþjóðfélagi
- stuðli að sjálfstæðri hugsun og jákvæðri sjálfsmýnd nemenda
- þjálfí hæfni nemenda til samstarfs við aðra
- leiðbeini nemendum við að sýna umburðarlyndi og víðsýni

Að ***leika*** vísar til þess að skólinn:

- eflí starfsgleði nemenda með því að nota fjölbreyttar náms- og kennsluaðferðir
- hafi fasta viðburðadaga þar sem nemendur fá að njóta sín í leik og starfi
- leggi áherslu á leiklist og sviðsframkomu í öllum árgöngum
- leggi áherslu á að læra í gegnum leik

Að ***læra*** vísar til þess að skólinn:

- veiti nemendum tækifæri til að afla sér þekkingar og leikni
- kenni nemendum vinnubrögð sem stuðla að stöðugri viðleitni til menntunar og þroska
- hvetji nemendur til ábyrgðar á eigin námi
- veiti markvissa endurgjöf til nemenda til að stuðla að framförum í námi
- vinni að einstaklingsmiðun náms þar sem þörfum hvers einstaklings er mætt

- skapi hvetjandi námsumhverfi þar sem notaðar eru fjölbreyttar náms- og kennsluaðferðir og krefjandi viðfangsefni
- hvetji nemendur til ígrundunar og virkrar þáttöku í námi

Skólabragur

Í Árskóla er áhersla lögð á jákvæð samskipti sem reist eru á grunni gagnkvæmrar virðingar innan liðsheildar þar sem sameiginleg markmið og gildi eru í hávegum höfð. Allir geta lært og tekið framförum, sú vitneskja endurspeglast í viðhorfum starfsmanna og störfum. Leitað er allra leiða til að hver nemandi nái sínum besta árangri og taki stöðugum framförum í námi. Innra starf skólans er metið reglulega og taka starfsfólk, nemendur og foreldrar þátt í því. Í matsferlinu er leitað nýrra leiða, nýrrar þekkingar og áætlanir mótaðar til umbóta í skólastarfinu. Markmiðið er að Árskóli verði *skóli sem lærir*.

Nemendum er gerð grein fyrir mikilvægi þáttöku þeirra í mótu jákvæðs skólabraga. Hver einstaklingur/nemandi ber ábyrgð í samræmi við aldur og þroska. Með heildstæðri og öflugri lífsleikniáætlun á öllum skólastigum er lögð áhersla á styrkingu jákvæðrar sjálfsmyndar nemenda, eflingu umburðarlyndis og virðingar gagnvart samnemendum, starfsfólk og skólasamféluginu í heild. Ætlast er til góðrar umgengni af nemendum og þeir sýni kurteisi og góða framkomu. Allir nemendur læra og fá þjálfun í náms- og sjálfsaga. Nemendur hafa einnig greiðan aðgang að einstaklingsráðgjöf og aðstoð hjá náms- og starfsráðgjafa skólans. Mikil áhersla er lögð á að traust ríki milli allra í skólanum, einnig á milli skóla og heimila. Hefðir og siðir í skólastarfinu, þar sem reglubundið skólastarf er brotið upp, eiga stóran þátt í að viðhalda og móta góðan skólabrag.

Stjórnendur og starfsfólk skólans leggja sig fram um að skapa jákvæðan skólabrag í Árskóla með það að markmiði að skilyrði til uppeldis og menntunar nemenda og almennrar velferðar þeirra séu framúrskarandi.

Agamál

Samkvæmt reglugerð Mennta- og menningarmálaráðuneytisins nr. 1040/2011 um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum er það sameiginleg ábyrgð nemenda, starfsfólks og foreldra að tryggja nemendum öryggi, vellíðan og vinnufrið. Í reglugerðinni kemur fram að í hverjum grunnskóla skuli vera skólareglur sem skylt er að fara eftir. Einnig segir að nemendur eigi að fara eftir fyrirmælum kennara og starfsfólks skóla og fylgja almennum umgengnisreglum í samskiptum við starfsfólk og samnemendur.

Í Árskóla er markmiðið að nemendum og starfsfólk liði vel. Til að ná því markmiði er jákvæðum aga beitt. Ekki er stuðst við eina ákveðna uppeldisstefnu heldur leitast við að efla skólabrag sem einkennist af umhyggju og gagnkvæmri virðingu. Skólareglur Árskóla eru birtar í starfsáætlun skólans.

Hér að neðan er dæmi um verklagsferli vegna hegðunar- og samskiptavanda nemanda. Ferlið er sýnt stig af stigi og getur máli lokið á hvaða stigi sem er. Upplýsingar varðandi meðferð mála eru skráðar í dagbók nemanda í Mentor og þjóna þeim tilgangi að hafa á einum stað yfirsýn varðandi brot nemandans og hvernig það er meðhöndlað.

Dæmi um verklagsferli vegna hegðunar- og samskiptavanda nemanda

1. Kennari ræðir við nemanda og hvetur hann til að bæta sig. Samskiptin skulu skráð í Mentor.

2. Starfsfólk kemur upplýsingum til umsjónarkennara ef við á. Umsjónarkennari ræðir formlega við nemandann um málið og hefur samband við og upplýsir foreldra/forsjáraðila um málið. Samskiptin skulu skráð í Mentor.
3. Sé nemanda vísað úr kennslustund fer hann á skrifstofu skólans og bíður við ritaraaðstöðu eftir þeim kennara sem málið varðar. Sama á við ef nemandi sýnir óviðunandi hegðun utan kennslustunda. Samskiptin skulu skráð í Mentor.
4. Umsjónarkennari heldur fund með nemanda og foreldrum/forsjáraðilum í skólanum í samráði við deildarstjóra. Samskiptin skulu skráð í Mentor.
5. Umsjónarkennari vísar málinu til deildarstjóra sem fundar með málsaðilum. Samskiptin skulu skráð í Mentor.
6. Deildarstjóri vísar málinu til skólastjóra sem fundar með foreldrum/forsjáraðilum, nemanda og kennara þar sem hvatt er til umbóta. Fundargerð skráð og fundarmenn samþykkja hana. Ákvarðanir sem teknar eru á fundinum eru skráðar í Mentor.
7. Skólastjóri leggur málið fyrir nemendaverndarráð til kynningar og umfjöllunar ef ástæða er til.
8. Unnið með foreldrum/forsjáraðilum að bættri hegðun nemandans skv. einstaklingsmiðaðri áætlun. Eftifarandi leiðir eru m.a. farnar í samráði við foreldra/forsjáraðila eftir því sem þörf er á:
 - Foreldrar/forsjáraðilar eru hvattir til að mæta með barni sínu í skólann og fylgja barninu eftir í 1 - 3 daga.
 - Nemandi er aðskilinn frá bekkjarfélögum sínum í einvist, tímabundið.
 - Foreldrum/forsjáraðilum boðin aðstoð og ráðgjöf frá skóla; t.d samskiptabók, hegðunarstýrandi samningar o.fl.
 - Fundur með foreldrum/forsjáraðilum þar sem þeir eru hvattir til að sækja aðstoð fyrir barn sitt til sálfræðings eða annarra sérfræðinga.

9. Sérstakar aðgerðir í samráði við skólayfirvöld, s.s. tímabundin brottvísun úr skóla eða samræmdar aðgerðir skv. 14. grein grunnskólalaga nr. 91/2008.

Brot getur verið þess eðlis að þetta ferli eigi ekki við og grípa þurfi til alvarlegra viðurlaga fyrr.

Starfsmannastefna

Í Árskóla er unnið samkvæmt [starfsmannastefnu Sveitarfélagsins Skagafjarðar](#).

Í samræmi við hana leggur skólinn sig fram um að:

- hafa ávallt vel menntaða starfsmenn
- starfsmönnum sé gefinn kostur á endurmenntun við hæfi
- stöðugleiki sé í starfsmannahaldi
- starfsmenn taki þátt í stefnumörkun skólans
- í skólanum ríki góður starfsandi
- starfsmenn séu meðvitaðir um að öll störf eru mikilvæg og allir vinni saman sem ein heild
- starfsmenn séu meðvitaðir um hlutverk sitt og ábyrgð
- starfsmenn kynnist störfum hver annars
- starfsmenn hafi sýn skólans, gildi og markmið stöðugt í huga við athafnir og viðburði í skólanum
- stuðla að vellíðan starfsmanna á vinnustað
- stuðla að sem mestri og víðtækastri starfsánægju meðal starfsfólks
- leggja mikinn metnað í starfsgæði og starfsþróun
- vanda móttöku nýrra starfsmanna
- bjóða upp á sveigjanleika í starfi
- glæða félagsleg tengsl til að auka samheldni starfsmanna

- starfsumhverfi sé heilsusamlegt og vinnan sé skipulögð þannig að hún rúmist innan eðlilegs vinnutíma
- starfsmannasamtöl verði árlega/ tvisvar á ári eftir atvikum
- sjálfstæði og frumkvæði starfsmanna fái notið sín eins og kostur er

Símenntunarstefna

Skólastjórnendur ákveða, ásamt starfsmönnum, almenna þörf fyrir námskeið og fræðslufundi út frá stefnu skólans, áhersluatriðum næsta vetrar og/eða þróunarvinnu. Starfsmönnum ber að gera skólastjórnendum grein fyrir þeim þáttum símenntunar sem þeir hafa áhuga á að sinna til að halda sér við í starfi eða bæta við nýrri þekkingu sem nýtist í starfinu.

Skólinn stendur fyrir reglugum fræðslufundum, námskeiðum og skólaheimsóknum sem gagnast skólanum sem heild, en hluti af starfsskyldum kennara er í formi starfsþróunar. Starfsmenn eru hvattir til að fara á námskeið og ráðstefnur á vegum skólans, innan lands sem utan, en auk þess geta starfsmenn sótt um að fara á námskeið og ráðstefnur á eigin vegum sem þeir telja að nýtist þeim í starfi.

Priðja hvert ár hafa starfsmenn skólans farið í skólaheimsóknir til útlanda og annað hvert ár er farið í skólaheimsóknir innanlands. Námsferðir eru styrktar af stéttarfélögum.

Framhaldsnám í fjarnámi er styrkt af skólanum með því að hliðra til fyrir starfsmönnum meðan á staðlotum stendur.

Jafnréttisstefna Árskóla

Í samræmi við [jafnréttisáætlun Árskóla](#) og [jafnréttisáætlun Sveitarfélagsins Skagafjarðar](#) leggur Árskóli áherslu á jafnrétti kynjanna í hvívetna, bæði meðal nemenda og starfsfólks.

Starfsmenn

- Gæta skal þess að starfsmenn hafi jafnan rétt til launaðra starfa innan Árskóla og fái jöfn laun fyrir sömu vinnu, óháð kyni.
- Gæta skal þess að hlutfall kynjanna sé sem jafnast í nefndum, ráðum og áhrifastöðum innan skólans.
- Jafnréttissjónarmið verði metin til jafns við önnur mikilvæg sjónarmið sem ráða við stöðuveitingar.
- Í auglýsingum skal þess gætt að hafa bæði kynin í huga.
- Í Árskóla eiga starfsmenn kost á sveigjanlegum vinnutíma, hlutastörfum eða annarri hagræðingu varðandi vinnutíma.
- Starfsmönnum verði gert kleift að minnka við sig vinnu tímabundið til að sinna fjölskylduábyrgð, svo sem umönnun barna og sjúkra fjölskyldumeðlima. Með þessu móti er starfsmönnum auðvelduð samræming á fjölskylduábyrgð og starfsskyldum.
- Allir starfsmenn eiga rétt á því að komið sé fram við þá af virðingu og skulu jafnframt koma fram af virðingu við aðra.
- Kynbundin og kynferðisleg áreitni er ekki liðin í Árskóla. Í Jafnréttisáætlun Sveitarfélagsins Skagafjarðar er skýr afstaða tekin gegn kynbundnu ofbeldi.

Nemendur

- Gæta skal þess að allir nemendur hafi jafna möguleika til náms og þroska innan Árskóla. Gildir það jafnt um bóklegar sem verklegar greinar, auk félagslífs nemenda, svo sem árshátiðir, keppnisferðir og skólaferðalög.
- Nauðsynlegt er að vinna markvisst með jafnrétti í lífsleiknitínum og í skólastarfinu öllu.
- Gæta verður þess að allir nemendur hafi jöfn tækifæri til framboðs í stjórn nemendafélags Árskóla.

- Mikilvægt er að námsefni standist jafnréttissjónarmið. Hafa þarf vinnu með námsefni og kennslugögn sem byggja á jafnréttishugmyndum að leiðarljósi.
- Mikilvægt er að kynna nemendum möguleika á framhaldsmenntun og störfum sem litið hefur verið á sem hefðbundin kvenna- og karlastörf en jafnframt hvetja nemendur til að prófa það sem höfðar til áhuga hvers og eins.
- Allir nemendur eiga rétt á því að komið sé fram við þá af virðingu og skulu jafnframt koma fram af virðingu við aðra. Áreitni er ekki liðin.

Forvarnar- og heilsustefna Árskóla

Það er stefna Árskóla að halda úti svo öflugu fræðslu- og forvarnarstarfi að sérhver nemandi útskrifist án þess að ánetjast vímuefnum; hvort sem um ræðir tóbak, áfengi eða önnur vímuefni. Markmiðið er að einstaklingurinn haldi þessum viðhorfum til framtíðar. Til að ná þessum markmiðum er lögð áhersla á uppbyggilega [forvarnarfræðslu](#), heilbrigtr félagslíf, ástundun íþróttta og að rækta heilbrigð vinasambönd: Í Árskóla er góð aðstaða til íþróttakennslu, öflugt stoðkerfi og í mótneyti skólans er boðið upp á fjölbreyttan morgunverð og heitan mat í hádeginu. Lögð er áhersla á að taka þátt í heilsueflandi atburðum eins og t.d. *Göngum í skólann* og *Skólahreysti*. Einnig er *Íþróttahátið Árskóla* fastur liður í skólastarfinu.

- Fastir liðir í forvarnarfræðslu skólans eru *Olweusaráætlunin* og *Maritafræðslan*, en þar að auki er ýmis önnur fræðsla um forvarnir og námsefni sem kennrar nota til fræðslu um heilbrigðan lífsstíl.
- Árskóli leggur áherslu á að vinnuaðstaða starfsfólks og nemenda sé sem best.
- Í Árskóla er unnið samkvæmt stefnu Lýðheilsustöðvar varðandi næringu og hollustu.

Umhverfisstefna

Árskóli leggur áherslu á að nemendur og starfsfólk beri virðingu fyrir umhverfinu og leggi sitt af mörkum til að vernda umhverfið og náttúruna.

Það gerum við með því að allir:

- taki þátt í flokkun á sorpi
- spari rafmagn, vatn og sápuefni
- gangi vel um skólann, innan dyra sem utan
- dragi úr notkun pappírs og endurnýti hann
- dragi úr notkun á einnota vörum
- dragi úr notkun á vörum í einnota umbúðum
- nýti afgangsefni í verkefnavinnu
- noti rafræn samskipti frekar en pappír, sé þess nokkur kostur
- varist mengun og reyni að nota umhverfisværnar hreinlætisvörur

Móttöku- og tilfærsluáætlun

Samkvæmt 16. gr. grunnskólalaga frá 2008 ber grunnskólum að móta og fylgja eftir sérstakri áætlun um móttöku nýrra nemenda. Í móttökuáætlun á að koma fram hvernig skipulagi á móttöku nemenda og foreldra/forsjáraðila er háttar í skólanum. Í Árskóla er lögð áhersla á hlýlegar móttökur ásamt því að veita greinargóðar upplýsingar um skólastarfið. Starfsfólk skólans leggur sig fram um að stuðla að farsælli byrjun á skólagöngu nemenda.

Móttaka nemenda í 1. bekk

Foreldrar/forsjáraðilar innrita barn sitt í skólann hjá ritara. Sérstakir dagar eru nýttir til innritunar nýnema að vori og eru þeir auglýstir. Helstu upplýsingar um barnið eru þá skráðar.

Gott samstarf er um aðlögun leikskólabarna Ársala sem hefja nám í Árskóla í 1. bekk að hausti. Gagnkvæmar heimsóknir eru milli þeirra og nemenda Árskóla, þó helst nemenda í 1. bekk. Áhersla er lögð á að nemendur í skólahópi fái tækifæri til að sitja almenna kennslustund, tónmenntatíma og íþróttatíma með nemendum í 1. bekk og fari í frímínútur með nemendum á yngsta stigi. Einnig er börnum í skólahópi boðið að taka þátt í ýmsum viðburðadögum skólans, eins og friðargöngu, maraþoni 10. bekkjar og fl. Nemendur í 1. bekk endurgjalda heimsóknir skólahóps og taka þátt í námi og leik í Ársölu.

Skilafundir eru haldnir að vori vegna nemenda með sérþarfir í skólahópi. Þá fundi sitja deildarstjórar skólahóps, foreldrar viðkomandi barns, deildarstjóri yngsta stigs og deildarstjóri sérkennslu í Árskóla. Skilafundur er einnig að hausti vegna allra nemenda sem hefja nám í 1. bekk þann veturninn. Fundinn sitja deildarstjórar skólahóps, deildarstjóri yngsta stigs og umsjónarkennrarar í 1. bekk.

Tveir fyrstu skóladagar 1. bekkinga eftir skólastetningu fara í viðtöl umsjónarkennara við nemendur og foreldra/forsjáraðila þeirra. Þar gefst tækifæri til að skiptast á nauðsynlegum upplýsingum varðandi nemandann sjálfan og skipulag skólastarfsins og grunnurinn lagður að góðum samskiptum milli heimilis og skóla. Fyrsta formlega skóladag 1. bekkinga er hátíðleg móttokuathöfn sem nemendur og starfsmenn yngsta stigs efna til.

Boðið er upp á sérstakan foreldrafræðslufund fyrir foreldra/forsjáraðila nemenda í 1. bekk í lok september eða byrjun október ár hvert. Fræðslufundurinn er þriggja klukkustunda langur og lögð er áhersla á að foreldri/forsjáraðili frá hverju heimili taki þátt. Fundurinn hefst á kynningum og fyrirlestrum af ýmsu tagi þar sem farið er yfir starfsemi skólans og þá þjónustu sem boðið er upp á. Lögð er áhersla á umfjöllun um mikilvægi góðrar samvinnu og samskipta milli heimilis og skóla. Fundinum lýkur með umræðum foreldra og umsjónarkennara í heimastofum nemenda.

Móttaka nemenda í 2. – 10. bekk sem hefja nám að hausti

Foreldrar/forsjáraðilar innrita barn sitt í skólann hjá skólastjórnendum. Ritari skráir nýja nemendur inn í Mentor. Deildarstjóri/umsjónarkennari kynnir nemendur og foreldra/forsjáraðila hans fyrir starfsfólki skólans ásamt því að farin er kynnisferð um skólahúsnæðið.

Nemendur, ásamt foreldrum/forsjáraðilum þeirra, eru boðaðir til viðtals hjá umsjónarkennurum áður en formlegt skólahald hefst. Umsjónarkennrarar veita helstu upplýsingar um skólastarfið. Einnig benda þeir á upplýsingar um skólann á heimasíðu hans. Umsjónarkennrarar kynna nemendur fyrir nýjum bekkjarfélögum.

Foreldrum/forsjáraðilum nemenda í 5. og 8. bekk er boðið upp á sérstaka foreldrafræðslufundi á haustönn.

Móttaka nemenda í 1. – 10. bekk sem hefja nám eftir að skólastarf er hafið

Foreldrar/forsjáraðilar innrita barn sitt í skólann hjá skólastjórnendum. Ritari skráir nýja nemendur inn í Mentor. Deildarstjóri kynnir nemendur og foreldra/forsjáraðila þeirra fyrir starfsfólki skólans ásamt því að farin er kynnisferð um skólahúsnæðið.

Nemendur, ásamt foreldrum/forsjáraðilum þeirra, eru boðaðir til viðtals hjá umsjónarkennurum áður en formleg skólaganga nemenda hefst. Umsjónarkennarar veita helstu upplýsingar um skólastarfið. Einnig benda þeir á upplýsingar um skólann á heimasíðu skólans og afhenda nemendum stundaskrá og námsgögn. Umsjónarkennarar kynna nemendur fyrir nýjum bekkjarfélögum.

Móttaka nemenda af erlendum uppruna

Móttaka nemanda af erlendum uppruna fer í meginatriðum fram líkt og almenn móttaka nemenda í 2. - 10. bekk sem hefja nám að hausti eða móttaka nemenda í 1. bekk eftir því sem við á.

Sjá umfjöllun hér fyrir ofan að viðbættum eftirfarandi atriðum:

- Þess er gætt að túlkaþjónusta sé veitt í móttökuviðtali og í kynnisferð um skólann þegar þörf er á.
- Staða nemanda við upphaf skólagöngu í öllum námsgreinum er metin og reynt er að aðlaga það námsefni sem verið er að kenna að þörfum hans.
- Reynt er að hafa námsskipan þannig að nemendur geti tekið sem mestan þátt í almennum kennslustundum með bekkjarfélögum sínum.
- Nemendum er boðið upp á auka íslenskukennslu og að hafa umsjónaraðila um námið fyrstu árin.
- Skólinn hvetur foreldra/forsjáraðila nemenda til að leita leiða til að nemandinn fái einnig markvissa þjálfun í eigin móðurmáli og er það nám gjarnan metið sem hluti af skyldunámi, sem kemur í stað skyldunáms í erlendu tungumáli.
- Óskað er eftir upplýsingum um nemandann, s.s. um dvalarleyfi, kennitölu, lögheimili, fyrri skólagöngu og fl.

Móttaka nemenda með sérþarfir

Samkvæmt 2. gr. reglugerðar um nemendur með sérþarfir í grunnskóla teljast þeir sem eiga erfitt með nám sökum námsörðugleika, tilfinningalegra eða félagslegra erfiðleika og/eða fötlunar til þessa hóps. Einnig nemendur með leshömlun, langveikir nemendur, nemendur með þroskaröskun, geðraskanir og aðrir nemendur með heilsutengdar sérþarfir.

Móttaka nemenda með sérþarfir eru einstaklingsmiðaðar og er meginreglan sú að nemendur með sérþarfir fylgja sömu móttokuáætlun og aðrir nýir nemendur, að viðbættum eftirfarandi atriðum.

- Fundur vegna barna með sérþarfir er haldinn að vori áður en formleg skólaganga þeirra hefst í 1. bekk, þegar við á. Fundinn sitja deildarstjóri skólahóps, deildarstjóri yngsta stigs og deildarstjóri sérkennslu, eftir eðli máls. Umsjónarkennari situr einnig fundinn ef búið er að taka ákvörðun um hver hann verður.
- Þegar nýir nemendur í 2. – 10. bekk með sérþarfir innritast í skólann er byrjað á því að kalla eftir fyrirliggjandi gögnum um nemendur frá fyrri skólagöngu. Í mörgum tilfellum er stofnað teymi í kringum nemendur sem í sitja t.d. fyrir hönd skólans: umsjónarkennari, deildarstjóri sérkennslu, náms- og starfsráðgjafi ásamt foreldrum/forsjáraðilum.
- Móttaka nemenda í námsveri fer þannig fram að stofnað er teymi um málefni nemenda. Á fyrsta fundi teymisins eru sameiginlegar ákvarðanir teknar, m.a. um móttökuna.

Tilfærsluáætlun vegna nemenda með sérþarfir

Samkvæmt 17. gr. reglugerðar um nemendur með sérþarfir í grunnskóla er gert ráð fyrir að kennrarar og aðrir fagaðilar, ásamt nemendum og foreldrum/forsjáraðilum þeirra, taki

þátt í móturn og gerð tilfærsluáætlunar sem byggir á einstaklingsmiðaðri áætlun. Tilgangurinn með tilfærsluáætlun er að miðla upplýsingum um skólagöngu nemenda, núverandi aðstæður og stöðu og áform þeirra um frekara nám, á milli skólastiga. Undirbúningur tilfærsluáætlunar hefst að öllu jöfnu í 9. bekk. Tilfærsluáætlanir eru einstaklingsmiðaðar og eru mismunandi að gerð og umfangi.

- Tilfærsluáætlanir nemenda með sérþarfir eru á ábyrgð deildarstjóra ungingastigs, umsjónarkennara, deildarstjóra sérkennslu og náms- og starfsráðgjafa, eftir eðli máls.
- Tilfærsluáætlun nemenda í námsveri er ákveðin af teymi sem sér um málefni nemenda og deildarstjóri sérkennslu er ábyrgur fyrir að áætluninni sé fylgt eftir.
- Kynningar og heimsóknir í Fjölbraudaskóla Norðurlands vestra eru á ábyrgð náms- og starfsráðgjafa.

Flutningur nemenda á milli skólastiga grunnskólans

Þegar nemendur flytjast á milli yngsta- og miðstigs er skilafundur haldinn að hausti með umsjónarkennurum, deildarstjórum stiganna ásamt öllum starfsmönnum skólans sem koma að starfi með nemendum. Á fundinum veita fráfarandi umsjónarkennrar kennurum yfirlit yfir námsstöðu nemenda en annað starfsfólk fær upplýsingar um önnur atriði er varða árganginn í heild.

Þegar nemendur flytjast á milli mið- og ungingastigs er fundur haldinn að hausti með umsjónarkennurum og deildarstjórum stiganna tveggja, auk þess starfsfólks sem kemur að nemendahópnum. Þar er farið yfir náms- og félagslega stöðu nemenda og gefnar upplýsingar um árganginn í heild.

Áfallaáætlun

Áföll geta verið af ýmsum toga s.s. dauðsfall, alvarlegt slys, alvarleg veikindi, hverskonar ofbeldi, náttúruhamfarir eða stórslys sem tengjast skólanum og nánasta umhverfi hans.

Mikilvægt er að skólinn sé viðbúinn þegar áfall ber að höndum og því er starfandi áfallaráð innan hans. Áfallaráð setur sér vinnureglur og skipuleggur hvernig taka skuli á áföllum sem nemendur eða starfsfólk skólans verða fyrir. Með því að hafa ávallt tilbúnar leiðbeiningar um það hvernig best sé að vinna úr sérhverju áfalli er skólinn betur undir það búinn.

Í áfallaráði sitja skólastjóri, prestur, náms- og starfsráðgjafi, skólaritari, skólahjúkrunarfæðingur, deildarstjóri viðkomandi stigs, umsjónarkennrarar viðkomandi bekkjar eða fulltrúar þeirra.

Ítarlega áfallaáætlun er að finna [hér](#).

Eineltisáætlun

Í Árskóla er einelti ekki liðið. Leitað er allra leiða til að uppræta einelti. Starfað er eftir hinni norsku Olweusaráætlun sem er forvarnar- og viðbragðsáætlun varðandi einelti. Í skólanum starfar lykilmannateymi sem hefur það hlutverk að halda utan um fræðslu og forvarnarstarf í skólanum, samkvæmt Olweusaráætlun. Oddviti teymisins er tengiliður lykilmannahóps við stjórnendur og annað starfsfólk. Fræðslu- og forvarnarfundir eru haldnir reglulega með starfsfólki þar sem eðli og birtingarmyndir eineltis eru ræddar svo hægt sé að bregðast við vandanum með sem bestum hætti. Allt starfsfólk skólans tekur virkan þátt í baráttunni gegn einelti en umsjónarkennrarar gegna þar lykilhlutverki. Umsjónarkennrarar halda bekkjarfundi reglulega með nemendum þar sem m.a. forvarnarstarf gegn einelti fer fram. Nemendur eru fræddir um orsakir og eðli eineltis; allt

í því skyni að koma í veg fyrir vandann. Árlega er baráttudagur gegn einelti haldinn hátíðlegur með skipulagðri vinnu nemenda og starfsmanna.

Ennfremur vinnur skólinn eftir viðbragðsáætluninni [Stefna og viðbragðsáætlun Sveitarfélagsins Skagafjarðar gegn einelti, ofbeldi, kynferðislegri og kynbundinni áreitni](#) komi slíkar aðstæður upp í starfsmannahópnum.

Hvað er einelti?

Samkvæmt skilgreiningu Olweusar og annarra norrænna fræðimanna er einstaklingur lagður í einelti ef hann eða hún verður fyrir neikvæðum verknaði eins eða fleiri einstaklinga yfir ákveðið tímabil.

„Það er neikvæður og/eða ofbeldiskenndur verknaður ef einhver veldur öðrum viljandi tjóni eða óþægindum – með líkamlegri snertingu, í orði eða á annan hátt. Við töldum ekki um einelti nema þessu til viðbótar sé um að ræða aflsmun, þegar sá sem verður fyrir þessum neikvæða verknaði á erfitt með að verja sig og er harla varnarlaus gagnvart þeim (einum eða fleiri), sem angrar hann eða hana.

Þrennt einkennir eineltishugtakið, samkvæmt ofangreindri skilgreiningu:

- Árásarhneigt (ýgt-) eða illa meint atferli.
- Um er að ræða endurtekningu sem stendur yfir ákveðinn tíma.
- Ójafnvægi afsl og valda í samskiptum.”

(Úr handbók um Olweusaráætlunina, útg. 2005, bls. 28).

Ítarlegri áætlun gegn einelti er að finna [hér](#).

3. kafli. Helstu áherslur í starfi Árskóla

Í Árskóla starfa nemendur og starfsfólk saman undir einkunnarorðunum *lifa, leika, læra*. Skólastarfið byggir á þessum orðum sem fela í sér lífsleikni í sínum víðasta skilningi og leggur grunninn að vegferð *skóla sem lærir*.

Í Árskóla á öllum að líða vel. Velferð nemenda og starfsfólks er ávallt höfð í fyrirrúmi sem endurspeglast í góðum starfsanda í öllu skólastarfinu.

Árskóli er virkt lærðómssamfélag. Rík áhersla er lögð á símenntun starfsfólks og um leið aukna fagmennsku og framsækið skólastarf. Það skilar sér í fjölbreyttum náms- og kennsluaðferðum til að mæta betur þörfum hvers og eins nemanda, bæði í bóklegu og verklegu námi. Þróunarverkefni af ýmsu tagi eru stór þáttur í innra starfi skólans, jafnt hjá starfsfólk og nemendum. Skólinn er mjög virkur í samskiptum við erlenda skóla og á gott samstarf við vinaskóla í Köge, vinabæ Skagafjarðar. Sjálfsmat í gegnum sjálfsmatskerfið *Hversu góður er skólinn okkar?* tryggir að skólastarfið er í sífellri endurskoðun með sjálfsmatsvinnu starfsfólks, nemenda og foreldra. Mikill metnaður ríkir hjá samheldnum starfsmannahópi fyrir hönd skólans.

Í skólastarfi Árskóla er rík áhersla lögð á leiklist og dans. Allir nemendur skólans eru markvisst þjálfaðir í að koma fram og taka þátt í uppsetningu leikverka á sviði fyrir áhorfendur. Mikill metnaður er lagður í verk allra árganga og er hápunktur leiklistarstarfsins uppsetning leikverks 10. bekkjar í fullri lengd. Leiklistarstarfið og dansmennt eru ríkir þættir í náminu sem stuðla að gleði og ánægju nemenda í skólastarfinu. Tjáning, framsögn og framkoma eykur sjálfstraust, öryggi og styrkir sjálfsmynnd nemenda.

Ríkar hefðir móta skólastarfið í Árskóla. Þær felast í viðburðardögum af ýmsu tagi, árshátíðum og skólaferðum. Markmið hefðanna er meðal annars að skapa skólanum

sérstöðu, viðhalda siðum, efla samskipti nemenda og samkennd, sjálfstraust þeirra og virðingu hver fyrir öðrum. Samfélagið allt, fyrirtæki og stofnanir sýna skólastarfinu velvilja og styðja við viðburði sem skólinn stendur fyrir.



4. kafli. Nám og kennsla

Samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla 2011 eru sex grunnþættir menntunar lagðir til grundvallar í öllu námi. Þeir eru: *læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun*. Í starfi Árskóla er leitast við að hafa þá að leiðarljósi í efnisvali og inntaki náms, kennslu og leiks. Grunnþættirnir eru settir fram til þess að leggja áherslu annars vegar á samfélagsleg markmið og hins vegar á markmið sem varða menntun sérhvers einstaklings. Í skólastarfinu er því mikilvægt að skipuleggja skólastarfíð þannig að nemendur læri að tengja saman viðfangsefnin og að þeir sjái þannig tilgang í því starfi sem fram fer í skólanum.

Sá skilningur sem lagður er í hvert orð eða hugtak grunnþáttanna á að vera rúmur og lögð er áhersla á að þættirnir séu samtvinnaðir hver öðrum og skólastarfinu öllu. Lögð er áhersla á að kennsla og starfshættir innan skólans fléttist saman við það viðhorf að markmið menntunar sé að gera nemendur hæfa til að spjara sig í daglegu lífi. Hlutverk kennara er að taka frumkvæði að breytingum á skólastarfi og stuðla að því að nemendur verði þar virkir þáttakendur. Þannig miðar almenn menntun að því að efla hæfni nemenda til að leysa hlutverk sín í samfélagi nútímans en hæfnin byggir fyrst og fremst á þekkingu þeirra og leikni.

Grunnþættir menntunar

Læsi í víðum skilningi

Með læsi í víðum skilningi er bæði átt við tæknina sem felst í því að kunna að lesa og skrifa texta, þ. m. t. að nýta sér þá miðla og upplýsingatækni sem vol er á í þjóðfélaginu hverju sinni, sem og hina yfirfærðu merkingu þess að geta lesið í umhverfið og margvíslegar félagslegar aðstæður. Átt er við læsi á samfélag, menningu, umhverfi og náttúru þannig að börn og ungmenni læri að byggja sig upp andlega og líkamlega, að

bjarga sér í samféluginu og vinna með öðrum. Þannig skal stefnt að því að nemendur öðlist hæfni til að skynja og skilja umhverfi sitt á gagnrýnnin hátt og taka þátt í að móta það.

Í Árskóla er unnið samkvæmt [lestrarstefnu Skagafjarðar](#) og hafa lestar, ritun og tjáning mikið vægi. Nemendur fá þjálfun í öflun upplýsinga, greiningu á þeim, túlkun og miðlun. Nemendur læra hugtök og lögð er áhersla á að notkun þeirra í réttu samhengi og yfirfærslu á ólik fyrirbæri í samféluginu og umhverfinu. Á yngsta stigi læra nemendur samkvæmt hugmyndafræði *Byrjendalæsis*. Nemendur 7. bekkjar taka árlega þátt í Stóru upplestrardeppninni. Nemendur á unglingastigi taka þátt í lestrarátaki undir yfirskriftinni *yndislestur*. Hvatt er til frjáls lestrar nemenda á öllum stigum skólans.

Menntun til sjálfbærni

Í sjálfbærnimenntun felst viðleitni til að skapa samábyrgt samfélag þar sem sérhver einstaklingur er þroskaður sem virkur borgari, meðvitaður um gildi, viðhorf og tilfinningar sínar. Í sjálfbærnimenntun felst einnig að börn og ungmennt takist á við margvísleg álitamál og ágreiningsefni í námi sínu. Sjálfbærni snýst um umhverfið, ábyrgð, virðingu, lýðræðisleg vinnubrögð og réttlæti í nútíma þjóðfélagi og gagnvart komandi kynslóðum.

Í Árskóla eru nemendur hvattir til gagnrýnnar umfjöllunar um viðfangsefni. Þeir fá ýmis tækifæri til að vega og meta það námsefni sem verið er að fást við hverju sinni og draga ályktanir út frá því. Miðað er að því að gera nemendum kleift að takast á við viðfangsefni er lúta að samspili umhverfis og félagslegra þáttá í þróun samfélags. Lögð er áhersla á að efla með nemendum siðferðisleg gildi, virðingu og gagnrýna hugsun varðandi hnattræn áhrif okkar og að nemendur geri sér grein fyrir að viðbrögð á heimaslöð skipti ekki síður máli en þátttaka á heimsvísu. Áhersla er lögð á náms- og starfsfræðslu sem stuðlar að því að gera nemendur meðvitaða um þá möguleika sem í

boði eru að loknum grunnskóla. Nemendur eru hvattir til að taka ákvörðun um framhaldið með gagnrýnni hugsun og mati á eigin gildum og framtíðaráformum. Stuðlað er að þekkingu nemenda á framhaldsskólakerfinu og atvinnulífinu, meðal annars með fræðslu og heimsóknum í framhaldsskóla og fyrirtæki. Þessi fræðsla fer einkum fram í samfélagsgreinum. Nemendur skólans taka einnig virkan þátt í flokkun á sorpi.

Lýðræði og mannréttindi

Gagnrýnin hugsun og ígrundun um grunngildi samfélagsins eru hornsteinn lýðræðis- og mannréttindamenntunar sem skólum landsins er ætlað að rækta skv. Aðalnámskrá grunnskóla 2011. Virðing fyrir mannréttindum, viðhorf, gildismat og siðferði eru ríkir þættir í lýðræðismenntun. Skólar þurfa að mennta börn til að búa í lýðræðisþjóðfélagi svo og að iðka starfshætti sem byggja á lýðræði og mannréttindum í öllu skólastarfi. Skólasamfélagið allt þarf að finna til samábyrgðar, meðvitundar og virkni til að svo megi verða.

Í Árskóla er markvisst unnið að því að fá einstaklinga og nemendahópa til að taka afstöðu til siðferðilegra álitamála. Hver einstaklingur hefur möguleika á að taka þátt í mótu skólastarfsins með gagnrýnni og opinni samræðu. Bekkjarfundir eru haldnir reglubundið hjá öllum árgögum og eru m.a. vettvangur þeirrar samræðu. Heildstæð námsáætlun í lífsleiknikennslu allt skólastigið leggur m.a. áherslu á lýðræðis- og mannréttindamenntun og virkni nemenda til ígrundunar. Nemendur taka þátt í mati á skólastarfinu, bæði með árlegum nemendakönnunum sem og með þátttöku í mati skólastarfs með sjálfsmatsaðferðum skólans, *Hversu góður er skólinn okkar?* Í skólastarfinu er lögð áhersla á þjálfun lýðræðislegra vinnubragða, bæði í almennu námi og í félagsstörfum. Formenn 10. bekkinga, drengur og stúlka, leiða félags- og fjárlunarstarf á ungingastigi og fulltrúar nemenda í 7. - 10. bekk skipa stjórn

nemendafélags Árskóla. Reynt er að höfða til áhuga nemenda og vilja þeirra til þess að taka virkan þátt í skólastarfinu og samféluginu á jákvæðan hátt.

Heilbrigði og velferð

Skólar þurfa að leggja grunn að líkamlegrí, andlegri og félagslegri velferð nemenda til lífstíðar. Umhverfi skóla þarf að vera heilsueflandi þar sem markvisst er hlúð að þroska og heilbrigði hvers og eins. Nemendur þurfa markvisst hreyfiuppeldi þar sem lögð er áhersla á fræðslu, að efla hreyfifærni og að hvetja nemendur almennt til hreyfingar. Mennta þarf nemendur og styðja þá þannig að þeir geti tekið upplýstar og ábyrgar ákvarðanir í tengslum við eigið heilbrigði. Allir nemendur þurfa að fá tækifæri til að njóta styrkleika sinna. Með skýrum markmiðum skóla um líkamlegt, andlegt og félagslegt heilbrigði nemenda er stuðlað að jákvæðum skólabrag, bættum námsárangri og vellíðan nemenda.

Unnið er eftir sérstakri forvarnar- og heilsustefnu í Árskóla. Í skólanum er góð aðstaða til íþróttaiðkunar. Skólinn tekur þátt í sameiginlegum verkefnum á landsvísu, s.s. *Göngum í skólann* og *Skólahreysti*. Lögð er áhersla á reglubundna uppbyggilega forvarnarfræðslu. Unnið er skv. ráðleggingum Embættis landlæknis um næringu og hollustu í mötuneyti skólans. Öflugt stoðkerfi og rík hefð fyrir teymisvinnu um málefni nemenda stuðlar að velferð hvers einstaklings. Nemendur fá reglubundna fræðslu um heilbrigði og velferð, m.a. í náttúrufræði og frá skólahjúkrunarfræðingi. Nemendur 8. – 10. bekkjar fá sérstaka umsjónartíma í upphafi hvers dags með umsjónarkennara sínum til að fara yfir ýmis mál. Í lífsleiknikennslu í öllum árgöngum er unnið að heilbrigði og velferð nemenda, s.s. að eflingu jákvæðrar sjálfsmynadar og góðra samskipta. Mikil áhersla er einnig lögð á góð samskipti heimila og skóla sem almennt stuðlar að velferð nemenda.

Jafnrétti

Öll viðfangsefni skólastarfs eiga að grundvallast á jafnræði og jafnrétti. Efla þarf skilning nemenda á stöðu kynjanna í nútíma þjóðfélagi og búa bæði kynin jafnt undir virka þátttöku í samfélaginu, hvort heldur sem er í einkalífi, fjölskyldulífi eða atvinnulífi. Jafnréttismenntun vísar til inntaks kennslu, kennsluháttu og námsumhverfis og áhersla skal lögð á umburðarlyndi og víðsýni gagnvart ólíkri menningu, þjóðerni, trúarbrögðum, lífsskoðunum, kynhneigð og fötlun.

Í öllu skólastarfí Árskóla er markvisst unnið með jafnrétti, meðal annars í lífsleiknitínum, og þess gætt að allir nemendur hafi jöfn tækifæri til náms og þroska og þátttöku í félagslífí sbr. [jafnréttisáætlun skólans](#). Áhersla er lögð á að kynna nemendum málefni hinna ýmsu þjóðfélagshópa og hvatt er til jákvæðni og umburðarlyndis gagnvart fjölbreytileika mannlífsins.



Sköpun

Sköpun í skólastarfí felst í því að móta viðfangsefni sem örva hugmyndaflug einstaklings eða hóps, gera eitthvað nýtt eða öðruvísi en viðkomandi hefur áður gert og miðla til annarra. Sköpunarferlið er ekki síður mikilvægt en afraksturinn. Áhersla er lögð á að nemendur öðlist sem dýpstán skilning á því sem þeir eru að fást við í náminu með skapandi starfi, verklegri færni og nýsköpun. Hvetja skal til gagnrýninnar hugsunar í öllu starfi og öllum námsgreinum sem leiða mun til frumkvæðis, frumleika og sjálfstæðis í vinnubrögðum.

Í Árskóla er rík áhersla lögð á sköpun, frumkvæði og frumleika við margvísleg verkefni. Útfærsla og afrakstur einstakra verkefna byggir oft á sköpun og hugmyndaflugi nemenda. Leiklist, söngur og dans eru stórir þættir í skólastarfinu, en allir nemendur skólans eru markvisst þjálfaðir í að taka þátt í uppsetningu leikverka og koma fram á sviði. Undir merkjum *fjöliðar* starfa kennarar og nemendur list- og verkgreina í lotum. Hverri lotu lýkur með uppskeruhátíð; sýningu þar sem nemendur kynna verk sín fyrir samnemendum sínum, starfsfólk og foreldrum.



Skipulag kennslu

Við skipulag kennslu er haft að leiðarljósi að mæta námsþörfum nemenda til að þeir tileinki sér þekkingu, leikni og jákvætt viðhorf svo þeir öðlist þá hæfni sem stefnt er að í námi. Lögð er áhersla á að koma til móts við nemendur á forsendum hvers og eins. Reynt er að velja viðfangsefni og verkefni af kostgæfni sem eru hæfilega krefjandi til að gera öllum nemendum kleift að ná hámarks námsárangri. Lögð er áhersla á að fléttu grunnþættina sex inn í skólastarfið. Ennfremur er markviss áhersla lögð á samvinnu nemenda. Nemendum er gerð grein fyrir viðfangsefnum og markmiðum þeirra og leiðum til að uppfylla markmiðin. Á grundvelli sameiginlegra gilda sköpum við hvetjandi námsumhverfi þar sem notaðar eru fjölbreyttar náms- og kennsluaðferðir.

Tölvu- og upplýsingamennt er nýtt í öllum námsgreinum og allir nemendur skólans hafa aðgang að spjaldtölvu sem tæki til náms. Í yngri bekkjum er um bekkjarsett að ræða, en í 5. - 10. bekk hafa allir nemendur sitt tæki sem gefur möguleika á fjölbreyttri notkun. Samþætting verklegra og bóklegra námsgreina hefur aukist. Má þar t.d. nefna fjölíðina sem er samvinnuverkefni fjögurra list- og verkgreina í Árskóla í 3. – 7. bekk. Leggja ber áherslu á að auka samþættingu námsgreina enn frekar.

Teymiskennsla

Starfsfólk Árskóla hefur frá árinu 2009 unnið markvisst að starfsþróunarverkefnum sem hafa það að markmiði að nýta mannaðinn sem fyrir er í skólanum, til að auka fagmennsku hvers og eins, læra hvert af öðru og efla samvinnu. Þetta hefur verið gert með ýmis konar fræðslu og fyrirlestrum fagmanna, félagastuðningi, faglestri, sameiginlegri ígrundun og handleiðslutækni.

Teymiskennsla byggir á samvinnu. Teymiskennsla felur í sér two eða fleiri kennara/starfsmenn sem skipuleggja, framkvæma og meta nám fyrir fjölbreyttan

nemendahóp þar sem sveigjanleiki og námsaðlögun á sér stað eftir þörfum. Hvert teymi tekur sameiginlega ábyrgð á kennslu nemenda og notar til þess fjölbreyttar náms- og kennsluaðferðir. Meðlimir teymis deila reynslu og nýta styrkleika hvers og eins til að hámarka árangur nemenda og til að verða sjálfir betri fagmenn.

Haustið 2013 var tekin upp teymiskennsla í Árskóla sem segja má að sé raunhæft framhald þeirra þróunarverkefna sem unnið hefur verið að. Bekkjardeildir innan árganga voru lagðar niður og hverjum árgangi kennt saman. Tveir til þrír kennrarar vinna saman í teymi í hverjum árgangi auk stuðningsfulltrúa eftir þörfum hópsins. Á ungingastigi er teymiskennslan að hluta til greinaskipt, en auk þess mynda umsjónarkennrarar á ungingastigi einnig teymi í hverjum árgangi. Flestir hópar hafa til umráða tvær kennslustofur þannig að svigrúm er til að skipta árganginum í hópa ef þannig ber undir. Auka kennslustofur eru einnig nýttar fyrir smærri nemendahópa í kjarnagreinum. Lögð er áhersla á að hóparnir séu ekki alltaf þeir sömu þannig að nemendur upplifí sig sem eina heild í hverjum árgangi.

Kennsluaðferðir

Kennsluskipulag felur í sér samskipti kennara við nemendur, val á viðfangsefnum og námsefni til þess að markmiðum námsins verði náð. Kennrarar leitast við að velja hverju sinni árangursríkustu leiðirnar til að ná sem bestum árangri og nota til þess fjölbreyttar kennsluaðferðir sem taka tillit til aldurs, þroska og getu þeirra nemenda sem í hlut eiga.

Kennsluaðferðir í Árskóla

- iPadvæðing

iPad spjaldtölvur eru mikilvægt hjálpartæki til náms og með aukinni notkun hefur orðið mikil áherslubreyting í námi og kennslu. Skólinn er framarlega í tæknipróun í námi og á landsvísu er litið til skólans sem leiðandi í því að innleiða

upplýsingatæknina í skólastarfið. Allir nemendur skólans hafa aðgang að iPad til notkunar í námi sínu.

- Útlistunarnám

Það felur m.a. í sér beina miðlun með fyrilestrum, sýnikennslu, skoðunarferðum og sýningum. Markmið útlistunarnáms er einkum að vekja áhuga, útskýra og vekja til umhugsunar.

- Verklegar æfingar

Þær eru einkum notaðar í list og verkgreinum. Í verklegum æfingum framkvæmir nemandinn og æfir tiltekin atriði. Markmið þeirra er að þjálfa vinnubrögð og efla leikni á tilteknum sviðum.

- Þrautalausnir

Viðfangsefnið eru t.d. hlutverkaleikir og rökþrautir af ýmsu tagi. Markmiðið er að þjálfa rökhugsun, ályktunarhæfni og innsæi nemenda.

- Sjálfstæð skapandi viðfangsefni

Þar fást nemendur við uppfindingar og hönnunarverkefni. Nemendur þurfa að setja sig í spor annarra og reyna að líkja sem nákvæmast eftir raunverulegri starfsemi. Markmiðið er að efla frumkvæði, sjálfstæð vinnubrögð og frjóa og skapandi hugsun.

- Hópvinna

Hún er notuð jöfnum höndum með öðrum kennsluaðferðum. Nemendur læra í samvinnu að afmarka viðfangsefni og koma sér saman um verkaskiptingu. Í hópvinnu er markmiðið að þjálfa nemendur í samvinnu.

- Leitaraðferðir

Tilraunir, efnis- og heimildakönnun, viðtöl og vettvangsathuganir eru dæmi um notkun leitaraðferða í skólanum. Meginmarkmiðið er að virkja nemendur, kynna þeim ví sindaleg vinnubrögð og veita þeim þjálfun í að afla upplýsinga.

- Umræðu- og spurnaraðferðir

Þær fela t.d. í sér þankahríð, hugstormun og samræðuaðferðir. Formlegir bekkjarfundir eru algengt umræðufyrirkomulag í skólanum. Markmið þessarar aðferðar er m.a. að efla rökhugsun, kenna nemendum að tjá sig, rökræða og taka tillit til skoðana annarra.

- Þulunám og þjálfunaræfingar

Þar má nefna vinnubókargerð og skriflegar og munnlegar æfingar af ýmsu tagi, ásamt námsleikjum og þjálfunarforritum. Markmiðið er að þjálfa leikni, kanna þekkingu nemenda og festa hana í minni.

- Innlunaraðferðir og tjáning

Þar fást nemendur við ýmis tjáningarfórm, leikræn og myndræn, ritun, tónlist, söng og dans. Markmiðið er að virkja nemendur, vekja þá til umhugsunar, efla innsæi þeirra og skapandi hugsun.

- Byrjentalæsi

Byrjentalæsi er samvirk kennsluaðferð í lestri fyrir yngsta stig. Unnið er með lestar, ritun, tal og hlustun á heildstæðan hátt og áhersla lögð á orðaforða og lesskilning. Viðfangsefni eru sótt í merkingarbæran texta og gjarnan í barnabækur. Mikið er lagt upp úr samvinnu nemenda og einstaklingsmiðun í kennslu.

- Orð af orði

Orð af orði er kennsluaðferð þar sem unnið er að eflingu orðaforða og hugtakaskilnings nemenda í tengslum við námsefni í öllum greinum. Aðferðin tengist vinnu við Byrjendalæsi á yngsta stigi og er rökrétt framhald af því.

Námsáætlanir

Námsáætlanir vetrarins í hverri námsgrein eru birtar á vef skólans. Í námsáætlun eru sett fram námsmarkmið skólans, byggð á hæfniviðmiðum aðalnámskrár, námsefni, kennsluaðferðir og upplýsingar um námsmat.

Upplýsinga- og námskerfið Mentor er notað til að halda utan um nám nemenda. Stofnuð er námslota þar sem kennrarar setja fram matsviðmið í hverri námsgrein og birta námsmat á aðgangi nemenda og foreldra.

Viku – og heimavinnuáætlanir

Yngsta- og miðstig

Kennrarar í hverjum árgangi vinna saman að gerð vikuáætlana fyrir nemendur. Þær eru skráðar í Mentor og til að auka upplýsingaflæði og skilvirkni eru nemendur jafnframt sendir með þær heim. Einnig fer hluti af vinnu nemenda á miðstigi fram í Google classroom og Seesaw.

Unglingastig

Kennrarar í hverju fagi/teymi skipuleggja í sameiningu heimanám nemenda á unglingsastigi og skrá það jafnóðum í Mentor, Google classroom eða Seesaw sem halda utan um stóran hluta af vinnu nemenda bæði innan skóla og utan.

Viðmiðunarstundaskrá

Viðmiðunarstundaskrá segir til um vægi námsgreina innbyrðis og vikulegan lágmarkskennslutíma á einstökum námssviðum á nemanda (í 1. - 4. bekk, 5. - 7. bekk og 8. - 10. bekk). Eftirfarandi tafla sýnir vikulegan fjölda mínútna í hverri námsgrein samkvæmt viðmiðum sem Mennta- og menningarmálaráðuneytið gefur út í Aðalnámskrá grunnskóla 2011:

	1. - 4. bekkur (mín)	5. - 7. bekkur (mín)	8. - 10. bekkur (mín)	
Námsgreinar - Námssvið	Aðal námskrá 2011	Aðal námskrá 2011	Aðal námskrá 2011	Aðal námskrá 2011
Íslenska	1120	680	630	2430
Stærðfræði	800	600	600	2000
Erlend tungumál, enska, danska	80	460	840	1380
Skólaíþróttir (íþróttir og sund)	480	360	360	1200
List- og verkgreinar	900	840	340	2080
Náttúrugreinar	420	340	360	1120
Samfélagsgreinar, trúarbragðafr., lifsleikni, jafnréttismál, siðfræði	580	600	360	1540
Upplýsinga- og tæknimennt	120	160	80	360
Til ráðstöfunar/val	300	160	870	1330

Vikustundir alls	4800	4200	4440	13440
------------------	------	------	------	-------

Skýringar við einstök námssvið í viðmiðunarstundaskrá

Erlend tungumál. Undir erlend tungumál heyra enska og danska og er enska fyrsta erlenda tungumálið sem nemendur læra. Í Árskóla byrjar enskukensla strax í 1. bekk. Dönskukensla hefst í 7. bekk.

List- og verkgreinar. Undir listgreinar heyra tónmennt, sjónlistir og sviðslistir. Undir verkgreinar heyra hönnun og smíði, textílmennt og heimilisfræði. Á öllum stigum eru listgreinar kenndar að einhverju leyti samþættar við aðrar námsgreinar. List- og verkgreinar í 9. og 10. bekk eru kenndar sem valgreinar (bundið val í a.m.k. 2 st. á viku). Allir nemendur skólans fá danskennslu, en dans er kenndur í nokkrum lotum yfir skólaárið.

Náttúrugreinar. Undir þetta svið heyra m.a. náttúrufræði, eðlisvísindi, efnafræði, jarðvísindi, lífvísindi og umhverfismennt. Á yngsta stigi eru náttúru- og samfélagsgreinar mikið kenndar samþættar.

Skólaíþróttir. Undir þetta svið heyra íþróttir og sund.

Upplýsinga- og tæknimennt. Undir þetta heyra m.a. miðlamennt, skólasafnsfræði, tölvunotkun og upplýsinga- og samskiptatækni. Upplýsinga- og tæknimennt fléttast inn í allar námsgreinar. Í kjölfar iPadvæðingar í skólanum síðustu ár er upplýsinga- og tæknimennt sífellt stærri þáttur í kennslu allra námsgreina. Þess utan eru sérstakar kennslustundir í 1. – 7. bekk í upplýsinga- og tæknimennt.

Til ráðstöfunar/val. Skólinn hefur ákveðið tímamagn á viku á hverju stigi til ráðstöfunar að eigin vali og er það tímamagn nýtt á yngsta stigi til enskukenslu frá 1. bekk og

viðbótartíma í íslensku, stærðfræði og íþróttum. Í 5. – 7. bekk er tímamagn til ráðstöfunar nýtt til viðbótartíma í íslensku og íþróttum. Á unglungastigi er tímamagn til ráðstöfunar nýtt í valgreinar og umsjónartíma. Þar að auki er forritun kennd í öllum árgögum á miðstigi frá hausti 2016 og einnig er boðið upp á forritun sem valgrein í 9. – 10. bekk.

Námsgreinar og námssvið

Námsgreinar eru mikilvægur hluti skólastarfs en ekki markmið í sjálfu sér. Það er ekki hlutverk skóla að kenna námsgreinar heldur mennta nemendur og koma þeim til nokkurs þroska. Grunnþættir í menntun skulu birtast í öllu skólastarfi og koma fram í inntaki námsgreina og námssviða.

Danska

Nám í dönsku er mikilvægt til að viðhalda og efla tengsl við norrænar þjóðir. Skyldleiki norrænu málanna er mikill og nám í dönsku eflir samskipti við önnur Norðurlönd. Mikill fjöldi íslenskra námsmanna stundar nám á Norðurlöndunum og því mikilvægt að nemendur öðlist grunnfærni í einu norrænu tungumáli. Í Árskóla hefst dönskukennsla í 7. bekk. Lögð er mikil áhersla á samskipti og heimsóknir milli Árskóla og vinaskóla í Danmörku í tengslum við starf 10. bekkjar.

Enska

Enska gegnir lykilhlutverki í alþjóðlegum samskiptum og mikilvægt er að nemendur öðlist góða færni í tungumálinu í nútíma samfélagi. Nauðsynlegt er að nemendur tileinki sér haldgóða kunnáttu í tungumálinu til að leggja sem bestan grunn að frekara námi. Enskukennsla í Árskóla hefst strax í 1. bekk.

Heimilisfræði

Heimilisfræðikennslu er ætlað að stuðla að góðu heilsufari, heilbrigðum lífsháttum og neysluvenjum, jafnrétti, neytendavitund og verndun umhverfis. Mikilvægt er að nemendur fái þjálfun í undirstöðuatriðum heimilisstarfa og fái markvissa fræðslu um hollustu og holla matargerð.

Ætlast er til að nemendur öðlist sjálfstæði í vinnubrögðum. Þeir læri að setja saman matseðil með tilliti til hollustu, tileinki sér hreinlæti við heimilisstörf og ábyrga umgengni við umhverfi sitt.

Hönnun og smíði

Í hönnun og smíði fá nemendur tækifæri til að koma hugmyndum sínum í framkvæmd og sjá afrakstur vinnu sinnar með áþreifanlegum hætti. Þeir fá þjálfun í að móta hugmyndir í efni með þeirri verktaekni og verkþekkingu sem greinin býr yfir. Vinna við smíðaverkefni eykur skilning nemenda á verkferlum og þjálfar með þeim skipulagshæfileika.

Íslenska

Meginmarkmið með íslenskunámi er að nemendur öðlist jákvætt viðhorf til málsins og nái góðu valdi á því. Að hafa góð tök á íslensku er undirstaða alls náms. Læsi er öflugt tæki til að afla sér þekkingar og mikilvægt er að nemendur geti tjáð sig í ræðu og riti í nútímasamfélagi.

Byrjendalæsi er samvirk kennsluaðferð í læsi og er lögð til grundvallar læsiskennslu á yngsta stigi Árskóla. Unnið er með lestur, ritun, tal og hlustun á heildstæðan hátt og lögð áhersla á orðaforða sem er undirstaða góðs lesskilnings. Samþætting þessara þátta er grundvöllur árangurs í lestrarnámi. Viðfangsefni eru sótt í merkingarbæran texta og þá gjarnan í barnabækur. Lykilorð úr textanum eru nýtt til innlagnar á þeim atriðum sem

unnið er með hverju sinni. Mikið er lagt upp úr samvinnu nemenda og einstaklingsmiðun í kennslu.

Lögð er áhersla á læsi allra nemenda með því að hvetja til bókmenntalesturs. Má þar m.a. nefna þáttöku í upplestrarkeppni 7. bekkjar og daglega læsistíma á öllum stigum.

Skólaíþróttir

Heilbrigður lífsstíll eykur velferð og vellíðan nemenda. Mikilvægt er að allir nemendur fái útrás fyrir hreyfijörf sína daglega. Íþróttakennslan fer fram utan dyra á haustin og vorin og er nánasta umhverfi skólans nýtt til hreyfingar. Lögð er áhersla á að nemendur fái fjölbreytta hreyfikennslu og fái að kynnast sem flestum íþróttagreinum.

Allir nemendur fá 1 kennslustund á viku í sundi, nema í 1. - 2. bekk er sund kennt í 2x10 tíma námskeiðum í maí og september. Rík áhersla er lögð á öryggi nemenda og eru 2 - 3 sundkennrarar að kenna hverjum hópi og er einn þeirra ofan í laug með nemendum. Þegar nemendur hafa aðlagast vatninu er farið að kenna algengustu sundaðferðir. Með íþróttu- og sundkennslu er markmiðið m.a. að efla líkamsþroska nemenda með auknu þoli, krafti, hraða og liðleika.

Lífsleikni

Lífsleiknikennsla miðar að því að auka víðsýni og umburðarlyndi nemenda og búa þá undir þáttöku í samfélaginu. Nemendur öðlast færni í samskiptum, rökræðum og lausnaleit. Mikilvægt er að nemendur þrói með sér lýðræðisleg vinnubrögð og læri að þekkja og virða mannréttindi og jafnrétti. Nemendur öðlist hæfni í að setja sig í spor annarra og þroski með sér samkennd með öðrum. Lögð er áhersla á að nemendur fái náms- og starfsfræðslu, kynnist atvinnulífinu og þekki möguleika á námi að loknum grunnskóla. Þetta er m.a. gert með starfskynningardögum í 10. bekk að vori. Allir nemendur skólans fá kennslu í lífsleikni innan samfélagsgreinaa. Í umsjónartímum eða

lífslieknitíum gefst umsjónarkennurum kostur á að fara yfir brýn mál sem koma upp, halda bekkjarfundi í anda Olweusaráætlunarinnar, sinna fjároflun o.fl.

Myndmennt

Listsþópur eykur hugmyndaauðgi nemenda og auðveldar þeim að komast í tengsl við tilfinningar sínar. Nemendur kynnast ýmsum hliðum listarinnar og vinna með fjölbreytt viðfangsefni. Áherslur og efnistök eru margvísleg og leitast við að nemendur fái viðtæka fræðslu um strauma og stefnur myndlistarinnar.

Náttúrugreinar

Náttúruvísindin eru órjúfanlegur þáttur í menningu nútímasamfélagsins og hafa mikilvægu hlutverki að gegna í almennri menntun fólks. Reynt er að hafa kennsluna lifandi með myndefni og tilraunum. Mikilvægt er að nemendur fái tækifæri til að þekkja og greina íslenska náttúru og lífverur sem lifa í henni.

Samfélagsgreinar

Samfélagsfræði stendur fyrir landafræði, lífsleikni, sögu og þjóðfélagsfræði. Markmið kennslu í landafræði er að auka vitund nemenda um umhverfi og menningu frá nálægasta sviði til hinna fjarlægari. Landafræðin þroskar sköpun hugans og eykur víðsýni nemandans. Saga hefur almennt menntunargildi þar sem til hennar er vísað í daglegu lífi og rökræðu um úrlausnarefnini samtímans. Nemendur kynnast ólíkum menningarheimum og sjá tilveruna frá öðru sjónarhorni. Markmið þjóðfélagsfræðinnar er að nemendur fái tækifæri til að líta sér nær og skoða stöðu sína í þjóðféluginu. Nemendur eru vaktir til umhugsunar um réttindi og skyldur, hvernig samfélagið er samsett og hverjir ráða í samféluginu. Í þjóðfélagsfræði eru nemendur hvattir til umhugsunar um ýmis lykilhugtök eins og lýðræði, mannréttindi, borgaravitund og sjálfsmýnd auk þess að fylgjast með málefnum líðandi stundar.

Í heimi menningarinnar eru stunduð fjölbreytt trúarbrögð. Nemendur fá að kynnast helstu straumum og stefnum í trúarbrögðum heimsins og uppbyggingu þeirra í gegnum aldirnar. Lögð er áhersla á að rækta með nemendum umburðarlyndi gagnvart öllum trúarbrögðum.

Stærðfræði

Góð færni í stærðfræði er nauðsynleg hverjum manni til að takast á við daglegt líf og störf. Tækniframfarir nútímans krefjast aukinnar færni í stærðfræði og aukin tölvunotkun kallar á breytta stærðfræðiþekkingu fólks. Mikilvægt er að nemendur fái að nálgast viðfangsefnið á fjölbreyttan hátt og fái að nýta sér þær tækninýjungar sem bjóðast.

Unnið er eftir lotukerfi í ungingadeild þar sem afmarkað námsefni er tekið fyrir í stuttum og hnitmiðuðum lotum sem enda svo á prófum sem gilda til lokaeinkunnar.

Textílmennt

Markmið textílmenntar er að efla sköpunargáfu nemenda með notkun ýmissa textílefna. Lögð er áhersla á að þjálfa finhreyfingar og efla verkfærni með vinnu frá hugmynd að fullunnu verki.

Tónmennt

Meginmarkmið tónmenntakennslu er að efla alhliða þroska nemandans. Tónlistariðkunin hefur yfirfærslugildi á aðra hæfni og þekkingu, svo sem samhæfingu hugar og handar, lestrarþjálfun, málþroska, formskynjun, samvinnu og samlíðan, félagsmótn, hlutfallaskynjun, sögu og samfélagsskilning.

Nemendur syngja ýmsa söngva, íslenska sem erlenda, fá kynningu á helstu hljóðfæraflokkum og notkun og meðferð skólahljóðfæra og rafhljóðfæra, hljóðkerfis, bassa- og gítarmagnara og hljóðnema. Farið er í undirstöðuatriði tónfræðinnar og unnið

með takt, að leika undir söng á algengustu skólahljóðfæri og þekkja helstu hljóðfæri og hljóðfæraflokka eftir sjón og heyrn.

Upplýsinga- og tæknimennt

Í sibreytilegu nútímasamfélagi er mikilvægt fyrir hvern mann að vita hvar og hvernig hægt er að afla sér upplýsinga og hvernig á að vinna úr þeim. Í 1. - 4. bekk felst kennsla í upplýsingamennt aðallega í að kenna nemendum grunnþjálfun á tölvur, s.s. að læra á lyklaborð. Skólasafn og tölvuver eru nýtt saman til kennslu upplýsingamenntar, en leitast er við að kenna upplýsingamennt þverfaglega þar sem skólasafnskennari og tölvukennari vinna með öðrum kennurum að skipulagi og framkvæmd ákveðinna verkefna þar sem nemendur læra að breyta upplýsingum í þekkingu með því að afla, meta og flokka upplýsingar á gagnrýnnin hátt. Þeir læra að nota mismunandi forrit og skila niðurstöðum með miðlum upplýsingatækninnar. Mikilvægt er að efla vitund nemenda fyrir þeim hættum sem búa í hinum stafræna heimi.

Með aukinni tæknivæðingu í skólanum þar sem allir nemendur hafa aðgang að spjaldtölву er fjölbreytni í kennsluaðferðum meiri og upplýsingatæknin notuð sem tæki til náms í öllun námsgreinum.

Valgreinar í 9. og 10. bekk

Valgreinar eru hluti af skyldunámi. Í 9. og 10. bekk er frjálst val nemenda að lágmarki 8 kennslustundir. Leitast er við að hafa námsframboð fjölbreytt til að mæta áhugasviði hvers og eins nemanda eins og kostur er. Nemendum stendur til boða að fá æfingar í íþróttagrein metna sem valgrein að uppfylltum ákveðnum skilyrðum og samkvæmt ákveðnum samningi. Einnig stendur nemendum í fullu námi í tónlistarskóla til boða að fá námið þar metið sem valgrein og auk þess geta nemendur fengið þátttöku í

Unglingadeildinni Trölla metna sem valgrein. [Kynningarbækling um valgreinar](#) er að finna á vef skólans. Breytilegt er milli ára hvaða valgreinar eru kenndar.

Námsgögn

Námsgögn gegna þýðingarmiklu hlutverki í námi. Samkvæmt grunnskólalögum eiga nemendur að fá námsgögn til afnota sér að kostnaðarlausu í þeim námsgreinum sem Aðalnámskrá grunnskóla kveður á um. Til námsgagna telst allt það efni sem notað er til að ná námsmarkmiðum skólans. Má þar nefna prentað efni, s.s. námsbækur, handbækur og leiðbeiningarrit, ýmiss konar myndefni, s.s. ljósmyndir, kvíkmyndir, myndbönd, veggspjöld, hljómbönd og hljómdiska, tölvuforrit, efni á netinu, margmiðlunarefni, efni til verklegrar kennslu o.fl. Skólinn hefur til umráða ákveðinn úthlutunarkvóta vegna námsbókakaupa frá Menntamálastofnun. Einnig er ákveðið svigrúm til kaupa á efni annars staðar frá. Áhersla er lögð á að fylgjast vel með útgáfu nýrra námsgagna og að til sé úrval náms- og kennslugagna, er taki mið af grunnþáttum menntunar.

Áhersla er lögð á að nemendur gangi vel um námsbækur og gögn sem þeir hafa undir höndum. Nemendur bera ábyrgð á námsgögnum sem skólinn lánar þeim og þurfa að skila þeim í viðunandi ástandi.

Frá hausti 2017 hafa nemendur fengið námsgögn s.s. skriffæri, ritföng, stílabækur og slíkt sér að kostnaðarlausu.

Heimanám

Mikilvægt er að foreldrar styðji við nám og vinnu barna sinna og gert er ráð fyrir að lestrarfærni sé þjálfuð heima daglega eins lengi og þörf er á. Um annað heimanám gildir sú meginregla að þar sem nemendur eru ólíkir þá beri að koma til móts við námsþarfir þeirra á forsendum hvers og eins. Heimanám er hluti af námi nemandans og er í öllum

tilfellum tekið inn í námsmat. Kennarar fylgjast með heimanámsskilum nemenda sinna og skrá þau í Mentor.

Fjar- og dreifnám

Þeir nemendur sem lokið hafa námsmarkmiðum 10. bekkjar grunnskóla eiga möguleika á að stunda fjarnám við Fjölbautaskóla Norðurlands vestra. Boðið er upp á fjarnám í íslensku, stærðfræði, ensku og dönsku. Það er ávallt mat kennara hvort nemandi uppfylli skilyrði framhaldsskólans til að hefja nám í þessum greinum og fullt samráð er haft við foreldra/forsjáraðila, auk nemandans. Í öllum tilfellum er um umsóknarferli að ræða og haldinn er fundur með foreldrum og nemenda í kjölfarið. Foreldrar/forsjáraðilar greiða skráningargjald á forönn FNV, sem gildir einnig sem skráningargjald fyrir fyrstu önn í viðkomandi framhaldsskóla. Framhaldsskólinn heldur utan um námsáætlun, verkefni og námsmat.

Í þeim tilfellum þar sem um veikindi nemanda er að ræða, eða langvarandi dvöl á sjúkrahúsi, hefur verið leitast við að sinna því eins og hægt er miðað við aðstæður nemandans hverju sinni, s.s. með rafrænum samskiptum við nemendur bekkjarins og umsjónarkennara.

Námsmat

Námsmat er ójrúfanlegur hluti af skólastarfínu og er vinna nemenda metin reglulega, hvoru tveggja í gegnum formlegt og óformlegt mat. Formlegu námsmati er ætlað að veita leiðbeinandi upplýsingar um námsframvindu einstakra nemenda og nemendahópa og kanna hvort markmiðum námskrár sé náð. Tilgangur námsmats er einkum þríþættur: Að örva og hvetja nemendur, að veita nemendum, foreldrum þeirra og forráðamönnum upplýsingar um námsgengi og að veita skóla upplýsingar sem gagnast við frekari skipulagningu náms. Námsmat skal vera fjölbreytt og meta ólíka þætti náms, s.s.

þekkingu, leikni og hæfni en jafnframt ber að koma til móts við nemendur með sértæka námsörðugleika. Það er gert með aðlögun námsmats að sérþörfum þeirra, s.s. lengdum próftíma, sérhönnuðum prófum, sérhæfðri aðstoð, notkun hjálparargagna og munnlegu námsmati. Gert er ráð fyrir að kennarar meti framgang náms jafnt og þétt allt skólaárið og noti til þess fjölbreyttar matsaðferðir.

- Sjálfsmat eða jafningjamat nemenda, en slíkar aðferðir henta vel til þess að auka ábyrgð nemenda á eigin námi, jafnframt því að virkja nemendur í umræðum um eigin skilning og framfarir.
- Mat kennara á vinnu, virkni og hegðun nemenda í kennslustund og er þá notast við matslista eða annað skráningarkerfi.
- Mat á fjölbreyttum verkefnum nemenda, sem reyna á ólíka hæfnispætti náms. Verkefnin eru ýmist hópverkefni eða einstaklingsverkefni.
- Kannanir, skriflegar, munnlegar eða verklegar, sem gefa til kynna hvort nemendur hafi náð einstökum námsmarkmiðum.
- Próf, skrifleg, munnleg eða verkleg, sem kanna hvort áfanga- eða árgangamarkmiðum sé náð.
- Stöðluð skimunarpróf fyrir nemendur og nemendahópa, sem ætlað er að vera greinandi fyrir ýmiss konar frávik. Skimunarpróf eru lögð fyrir ár hvert, auk þess sem lestrarlag og lestrarhraði er kannaður u.p.b. mánaðarlega í 2.-7. bekk. Nánari útlistun á skimunarprófum er að finna í kaflanum um stoðkerfið.
- Samræmd könnunarpróf en þeim er samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla 2011 ætlað að „...mæla hvort markmiðum aðalnámskrár hefur verið náð og gefa nemendum, foreldrum, starfsmönnum skóla og fræðsluyfirvöldum upplýsingar og viðmiðanir á landsvísu.“ Samræmd könnunarpróf eru lögð fyrir 4. og 7. bekk í stærðfræði og íslensku á haustönn og eru rafræn. Í 9. bekk er rafrænt samræmt próf

í íslensku, stærðfræði og ensku að vori. Menntamálastofnun heldur utan um framkvæmdina.

- Mat á námsmarkmiðum skólans sem unnin hafa verið út frá hæfniviðmiðum aðalnámskrár.

Námsmat í öllum árgögnum er unnið út frá hæfniviðmiðum aðalnámskrár, en þar segir að markmið skólastarfs séu margvísleg og hægt sé að fara ýmsar leiðir til að ná þeim. Því verða matsaðferðir að vera fjölbreyttar. Þær skulu vera í samræmi við hæfniviðmið, endurspeglar áherslur í kennslu og taka mið af nemendum. Námsmat á að vera áreiðanlegt, óhlutdrægt, heiðarlegt og sanngjarnt. Meta þarf alla þætti námsins, þekkingu, leikni og hæfni með hliðsjón af viðmiðum í aðalnámskrá (Aðalnámskrá grunnskóla, bls. 27).

Námsmarkmið skólans, sem unnin hafa verið út frá hæfniviðmiðum aðalnámskrár, eru notuð sem grundvöllur námsmats. Námslotur eru gerðar í Mentor. Námsmarkmið skólans eru tengd við námsloturnar. Hvert markmið sem valið er í lotuna er metið til einkunnar út frá hæfni og hægt er að fylgjast með framvindu námsmats á aðgangi nemenda og foreldra í Mentor.

Við mat á markmiðum á yngsta og miðstigi er notaður matskvarðinn:

Framúrskarandi

Hæfni náð

Á góðri leið

Parfnast þjálfunar

Hæfni ekki náð

Við mat á markmiðum á ungingastigi er notaður matskvarðinn A, B+, B, C+, C og D.

Við lok 10. bekkjar er skylt að nota þennan matskvarða, en sú ákvörðun var tekin innan skólans að nota hann við lokaeinkunn á mið- og ungingastigi.

Útskýringar á matskvarða:

- A Hæfni og frammistaða í námi er framúrskarandi með hliðsjón af hæfniviðmiðum námsgreinar eða námssviðs.
- B+ Meginþorra markmiða B og hluta markmiða A náð.
- B Hæfni og frammistaða í námi er góð með hliðsjón af hæfniviðmiðum námsgreinar eða námssviðs.
- C+ Meginþorra markmiða C og hluta markmiða B náð.
- C Hæfni og frammistaða í námi er sæmileg með hliðsjón af hæfniviðmiðum námsgreinar eða námssviðs.
- D Hæfni og frammistöðu í námi er ábótavant með hliðsjón af hæfniviðmiðum námsgreinar eða námssviðs.

Gefin er lokaeinkunn í hverri námsgrein í janúar og maí með bókstafakvarða á mið- og unglungastigi, en með 5 stíga kvarða á yngsta stigi.

Í 10. bekk er námsárangur að vori metinn í bókstöfum á kvarðanum A-D út frá hæfniviðmiðum aðalnámskrár og birtur annars vegar í Mentor og hins vegar á útskriftarskírteini. Að baki því mati liggja fjölmörg matsviðmið og önnur gögn um hæfni nemendans í hverri námsgrein.



5. kafli. Nemendur

Mikilvægt er að nemendur, svo og allir aðrir í skólasamféluginu, kappkosti í sameiningu að stuðla að og viðhalda góðum starfsanda og jákvæðum skólabrag. Góður skólabragur felur í sér gagnkvæmt traust, virðingu og samábyrgð þar sem öryggi, vellíðan og heilbrigðar og hollar lífsvenjur eru hafðar að leiðarljósi. Þess vegna er nauðsynlegt að nemandi, í samræmi við aldur og þroska, geri sér grein fyrir að hann beri sína ábyrgð á því hvernig skólabragur verður til og í hverju hann er fólginn.

Nemendur eiga rétt á því að koma sjónarmiðum sínum á framfæri varðandi námsumhverfi, námstilhögun, fyrirkomulag skólastarfs og aðrar ákvarðanir sem snerta þá. Taka skal tillit til sjónarmiða þeirra eins og unnt er. Samkvæmt grunnskólalögum skal nemendafélag starfa með fulltrúum árganga og taka fyrir hagsmuna-, félags- og velferðamál nemenda skólans. Í Árskóla starfar nemendafélag og er stjórn þess skipuð fulltrúum af báðum kynjum í 7. – 10. bekk.

Við skólabyrjun að hausti kjósa nemendur í 10. bekk sér formenn. Kosnir eru tveir formenn, drengur og stúlka. Formaður er jafnframt fulltrúi 10. bekkjar í skólaráði. Fjárlunarráð og ritnefnd starfa náið með formönnum bekkjarins. Nemendafulltrúar funda reglulega með deildarstjóra og umsjónarkennurum yfir veturinn um málefni 10. bekkjar. Þessi hópur heldur einnig utan um fjárlun 10. bekkjar.

Hefðir í skólastarfinu

Viðburðardagar eru nokkrir á skólaárinu. Þá er skólastarfið brotið upp og tileinkað ákveðnu þema. Dæmi um slíka daga eru:

Dansmaraþon. Stór liður í fjárlun 10. bekkinga er dansmaraþon. Þá dvelja nemendur í einn sólarhring í skólanum og dansa. Foreldrar taka virkan þátt í maraþoninu, t.d. með

því að standa vaktir, starfrækja kaffihús og aðstoða við að afgreiða mat sem bæjarbúum er gefinn kostur á að kaupa til styrktar nemendum 10. bekkjar.

Lúsíuhátíð. Nemendur í 6. bekk æfa söngva, bæði á íslensku og á öðrum norrænum tungumálum og klæðast viðeigandi búningum. Farið er um bæinn þar sem fyrirtæki og stofnanir eru heimsótt og sungið fyrir gesti og gangandi undir harmonikuspili.

Þema. Reglulega er hefðbundið skólastarf brotið upp og nemendur vinna þemmatengd verkefni í aldursblönduðum hópum.

Friðarganga. Við upphaf aðventu ganga allir nemendur og starfsmenn skólans fylktu liði upp Kirkjustíginn og mynda friðardeðju með því að láta ljós og friðarkveðju ganga á milli. Að lokum er tendrað ljós á krossinum á Nöfunum. Göngunni lýkur á lóð Árskóla þar sem þáttakendur gæða sér á heitu kakói og piparkökum.

Stofujól. Síðasta kennsludag fyrir jól heldur hver bekkur sín stofujól, sem er hátíðleg samverustund í skólastofunni þar sem setið er við kertaljós, lesin jólasaga og jölaguðspjallið. Bögglastípti fara fram o.fl. gert sér til gamans. Auk þess koma nemendur saman í íþróttasal þar sem þeir dansa kringum jólatré og syngja jólasöngva.

Þorrablót. Allir nemendur og starfsmenn eiga samverustund í íþróttasal. Minni karla og kvenna eru flutt af nemendum í 8. bekk og sunginn fjöldasöngur áður en haldið er til heimastofu þar sem snæddur er þorramatur sem nemendur koma með að heiman.

Íþróttadagur. Allir nemendur skólans eru þáttakendur og hefur hver bekjkardeild sitt auðkenni. Nemendur og starfsmenn safnast saman í Íþróttahúsinu og etja kappi.

Sumarsælukaffi. Á hverju ári bjóða yngstu nemendur skólans eldri borgurum í Sumarsælukaffi. Nemendur sýna skemmtiatriði og síðan er gestum boðið að fylgjast með vinnu nemenda.

Skólablöð. Gefin eru út tvö skólablöð til fjárlunar skólaferðalaga: *Skólatrall* í 7. bekk og *Glóðafeykir* í 10. bekk. Umsjón með útgáfunni hafa umsjónarkennarar í viðkomandi bekkjum, ásamt ritnefndum nemenda.

Kennslulok hjá 10. bekk. Að morgni síðasta skóladags 10. bekkinga mæta þeir, ásamt foreldrum sínum, kl. 07 í starfsmannaaðstöðu/matsal. Hver fjölskylda tekur með sér eitthvað á morgunverðarhlaðborð og borða umsjónarkennarar 10. bekkinga og skólastjórnendur með nemendum og foreldrum. Klukkan 8 þegar aðrir starfsmenn mæta til vinnu taka 10. bekkingar á móti þeim með blómum og söng. Að því loknu er starfsfólk boðið í morgunmat. Nemendur 10. bekkjar kveðja þá yngri samnemendur sína með því að sjá um „kennslu“ í eina kennslustund og bjóða yngri nemendum, sem þess óska, andlitsmálun.

Starfskynning. 10. bekkingar fara í 2 - 3 daga starfskynningu í fyrirtæki að vori og leggst þá hefðbundin kennsla niður hjá þeim. Starfskynning er lokaverkefni 10. bekkinga í náms- og starfsfræðslu.

Gleðiganga. Síðasta skóladag klæðast nemendur og starfsfólk skrautlegum búningum og ganga fylktu liði um bæinn undir fjörugri tónlist. Fyrsti viðkomustaður er sunnan við sjúkrahúsið þar sem skolasöngurinn er sunginn fyrir starfs- og vistmenn og nemendur leika sér í Vinaliðaleikjum. Göngunni lýkur á lóð Árskóla þar sem grillaðar pylsur eru í boði.

Árshátíðir og bekkjarskemmtanir

Umsjónarkennarar halda utan um félagsstarf síns árgangs. Þeir skipuleggja bekkjarkvöld, litlu jól og árshátíðir. Bekkjarkvöld eru haldin einu sinni til tvisvar á ári í öllum árgögum og koma tengiliðir bekkjanna gjarnan að þeim.

1. – 4. bekkur. Hver árgangur heldur sína árshátíð og eru sýningar haldnar í Bifröst.

5. – 7. bekkur. Allir nemendur viðkomandi bekkja taka þátt í sameiginlegri árshátíð. Ágóði rennur í ferðasjóð 7. bekkjar vegna vorferðalags.

8. – 9. bekkur. Allir nemendur viðkomandi bekkja taka þátt í sameiginlegri árshátíð. Ágóði rennur í ferðasjóð 10. bekkjar og vinna 10. bekkingar við förðun, leikmynd, í miðasölu og sem tæknimenn.

10. bekkur setur upp stóra leiksýningu undir stjórn leiklistarkennara. Undanfarin ár hefur verið um að ræða barnaleikrit í fullri lengd. Allir nemendur taka þátt á einn eða annan hátt. Umsjónarkennrar aðstoða við undirbúning, auk annarra starfsmanna. Ágóði rennur í ferðasjóð 10. bekkjar.

7. og 10. bekkur hafa einkarétt á fjárlögun í skólanum.

Skólaferðir

Allir bekkir fara í ferðalög á skólatíma, flest að vori, mislöng eftir aldri nemenda:

1. bekkur: Heimsókn á sveitabæ.
2. bekkur: Heimsókn í Glaumbæ –Viðimýri og skógræktina í Varmahlíð.
3. bekkur: Farið heim að Hólum.
4. bekkur: Dagsferð á Blönduós og nágrenni.
5. bekkur: Dagsferð til Hríseyjar, með viðkomu á Dalvík og stundum Ólafsfirði.
6. bekkur: Dagsferð til Akureyrar.
7. bekkur: Skólabúðir að Reykjum í Hrútafirði, ein vika að hausti. Þriggja daga ferðalag um Suðurland að vori.
8. bekkur: Dagsferð að vori.
9. bekkur: Skólaferðalag/ferð í leikhús, 1 dagur.

10. bekkur: Skólaferðalag, 5 dagar. Undanfarin ár hefur skólaferðalag 10. bekkinga verið til Danmerkur og Svíþjóðar. Í janúar ár hvert er tekin ákvörðun í samráði við foreldra/forsjáraðila og nemendur, um það hvort sú ferð verði farin, þar sem m.a. er tekið mið af stöðu fjároflunar og þess háttar.

Aðrir fastir liðir í skólastarfinu

Stóra upplestrarkeppnin. Í tengslum við *Dag íslenskrar tungu* hefst formlegur undirbúningur nemenda 7. bekkjar fyrir Stóru upplestrarkeppnina m.a. með heimsókn í leikskólann Ársali.

Skólahreysti. Nemendur í 9. og 10. bekk taka þátt í Skólahreysti. 9. og 10. bekkingar fara með sem stuðningslið.

Kokkakeppni. Nemendur í heimilisfræðivali skólans reyna með sér í matargerðarlist.

Stærðfræðikeppni. Á hverju vori taka nemendur 9. bekkjar þátt í stærðfræðikeppni FNV.

Vinadagurinn. Vinadagurinn er hluti af verkefnavinnu Vinaverkefnisins og er hann haldinn með þátttöku allra grunnskólanemenda í Skagafirði auk skólahópa leikskólanna einu sinni á ári. Allir nemendur hittast í Íþróttahúsinu á Sauðárkróki og taka þátt í sameiginlegri dagskrá.

6. kafli. Stoðþjónusta

Í Árskóla er lögð áhersla á að koma til móts við alla nemendur. Jafnrétti til náms er haft að leiðarljósi þar sem stuðlað er að alhliða þroska og menntun nemenda í samræmi við grunnskólalög. Í núgildandi lögum um grunnskóla frá 2008, 2. grein, stendur að grunnskólinn skuli leitast við að haga störfum sínum í sem fyllstu samræmi við eðli og þarfir nemenda og stuðla að alhliða þroska, heilbrigði og menntun hvers og eins.

Í 17. grein laganna segir að nemendur sem eiga erfitt með nám sökum sértækra námsörðugleika, tilfinningalegra eða félagslegra örðugleika og/eða fötlunar, sbr. 2. gr. laga um málefni fatlaðra, nemendur með leshömlun, langveikir nemendur og aðrir nemendur með heilsutengdar sérþarfir, eigi rétt á sérstökum stuðningi í námi í samræmi við metnar sérþarfir. Í 13. gr. laganna kemur jafnframt fram að nemendur eigi rétt á að njóta náms- og starfsráðgjafar af aðilum sem uppfylla skilyrði laga um náms- og starfsráðgjafa. Markmið stoðþjónustu Árskóla er að mæta þörfum þessara nemenda með sérkennslu, stuðningskennslu og/eða öðrum sértækum úrræðum. Til þess að ná fyrrgreindum markmiðum er áhersla lögð á að meta námsþarfir hvers nemanda fyrir sig, sveigjanlega kennsluhætti og þverfaglega samvinnu. Í skólanum er lögð áhersla á gott samstarf allra þeirra sem að nemandanum koma, bæði utan skóla og innan, til þess að ná sem bestum árangri. Markvisst er unnið að þessum markmiðum með teymisvinnu þeirra sem að nemendum koma hverju sinni.

Starfsfólk stoðþjónustu

Undir stoðþjónustu Árskóla starfa deildarstjóri sérkennslu, náms- og starfsráðgjafi, sérkennrarar, stuðningskennrarar, þroskabjálfar og stuðningsfulltrúar. Einnig er hægt að sækja frekari þjónustu til Fræðsluþjónustu Skagafjarðar.

Námsaðlögun

Námsleg staða nemenda er ólík og því er lögð áhersla á að meta hvern nemanda og hvaða úrræði henta best. Deildarstjóri sérkennslu hefur yfirumsjón með og annast skipulagningu og ráðgjöf á allri sérkennslu, stuðningskennslu og stuðningi í skólanum.

Sérkennsla felur í sér breytingar á námsmarkmiðum, námsefni, námsaðstæðum og /eða kennsluaðferðum miðað við það sem öðrum nemendum á sama aldri er boðið upp á. Tekið er mið af þörfum og hæfileikum hvers einstaklings og leitast er við að ná þessum markmiðum með jákvæðu viðmóti og virðingu fyrir einstaklingnum um leið og lögð eru fyrir verkefni við hæfi. Unnið er samkvæmt einstaklingsnámskrá sem sérkennari og umsjónarkennari útbúa í hverju tilviki fyrir sig í samráði við foreldra/forsjáraðila og annað starfsfólk.

Stuðningskennsla er vinna með nemendum sem þurfa á stuðningi að halda í námi til að vinna að markmiðum árgangsins. Metið er hverju sinni hvernig best er að standa að því.

Stuðningur er þar sem stuðningsfulltrúar aðstoða kennara við að sinna einum eða fleiri nemendum sem þurfa á sérstakri aðstoð að halda. Hlutverk þeirra er fyrst og fremst að auka færni og sjálfstæði nemenda, hvort heldur sem er námslega eða félagslega.

Hafi foreldrar/forsjáraðilar áhyggjur af námslegu gengi barna sinna er fyrsta skrefið að leita til umsjónarkennara. Umsjónarkennari ræðir í framhaldi af því við deildarstjóra sérkennslu eða náms- og starfsráðgjafa til að finna lausnir. Góð samvinna milli allra þeirra sem koma að nemendum er forsenda árangursríks starfs.

Teymi eru mynduð utan um nemendur með sérþarfir af ýmsu tagi til að halda utan um málefni þeirra og námsframvindu. Mjög oft er um að ræða nemendur með þroskafrávik, sértæka námsörðugleika og/eða aðrar sérþarfir. Fundir eru að öllu jöfnu haldnir á 6 – 8 vikna fresti. Í teymunum sitja foreldrar, umsjónarkennari, deildarstjóri sérkennslu,

þroskaþjálfi/sér- og stuðningskennari, stuðningsfulltrúi, auk aðila frá tengslastofnunum ef við á.

Námsver

Námsver Árskóla starfar samkvæmt lögum um grunnskóla nr. 91/2008 og reglugerð nemenda með sérþarfir í grunnskóla nr. 585/2010. Hlutverk námsversins er að veita nemendum með ýmiss konar fötlun eða þroskafrávik sérhæfð úrræði og einstaklingsmiðað nám. Einstaklingsnámskrá er gerð fyrir hvern nemanda námsvers. Uppbygging þeirra er mismunandi en þær taka allar mið af Aðalnámskrá grunnskóla, bekkjarnámskrám og sértækum þörfum nemenda. Námsmat er fjölbreytt, t.d. einstaklingsmiðaðar kannanir, gátlista, umsögn, huglægt mat og möppumat.

Deildarstjóri sérkennslu ber ábyrgð á daglegum rekstri. Fagfólk námsvers, þ.e. þroskaþjálfi, sérkennarar, kennarar og stuðningsfulltrúar, hafa ákveðna umsjónarnemendur og sjá um allt sem við kemur skólagöngu nemandans í samstarfi við foreldra/forsjáraðila, kennara og aðra starfsmenn skólans.

Kennslu- og þjálfunaraðferðir

Í námsverinu er stuðst við mismunandi kennslu- og þjálfunaraðferðir. Í einstaklingsnámskrá má sjá leiðir að markmiðum þar sem fram kemur hvaða aðferðir eru notaðar. Sem dæmi um kennslu- og þjálfunaraðferðir má nefna TEACCH, atferlismeðferð, hlutbundin gögn, kennslubækur, tölvur og tölvuforrit, umbunarkerfi, stýrispjöld og sjónrænt skipulag.

Ýmist er um að ræða einstaklingsvinnu eða vinnu inni í bekk. Mikið er lagt upp úr að nemendur námsvers fylgi jafnöldrum sínum í skólastarfinu. Þar fylgja þeir ýmist námskrá bekkjarins eða sérútfærðu námsefni í þeim fögum sem þeir sækja.

Tengslastofnanir

Námsverið í Árskóla leggur áherslu á að vera í góðu samstarfi við stofnanir í samféluginu, s.s. Iðju, Heilbrigðisstofnunina, Hús frítímans, Skammtímavistun og Félagsþjónustu Skagafjarðar, við t.d. reiðþjálfun, stoðsund, sjúkraþjálfun og vettvangsferðir í fyrirtæki.

Náms- og starfsráðgjafi

Hlutverk náms- og starfsráðgjafa er að standa vörð um velferð nemenda á sem breiðustum vettvangi. Náms- og starfsráðgjafi vinnur í nánu samstarfi við foreldra, hefur samráð við aðra sérfræðinga innan og utan skólans og vísar málum einstakra nemenda áfram ef þörf er á. Náms- og starfsráðgjafi er bundinn þagnarskyldu gagnvart skjólstæðingum sínum.

Helstu hlutverk náms- og starfsráðgjafa eru ráðgjöf og fræðsla við nemendur og nemendahópa. Ráðgjöfin miðar að því að nemendur efla og þroski þekkingu á sjálfum sér og þeim námsaðferðum og námstækni sem hentar hverjum og einum. Lögð er áhersla á fræðslu og upplýsingagjöf um námsleiðir, störf og atvinnulíf til að auðvelda ákvörðun um nám eða starf að loknum grunnskóla. Náms- og starfsráðgjafi sinnir einnig persónulegri ráðgjöf við nemendur, vinnur með reiðistjórnun, streitu- og kvíðastjórnun, hópefli í stærri og minni hópum og fleiri þætti.

Náms- og starfsráðgjafi situr í nemendaverndarráði og áfallateymi, hann vinnur að eineltismálum í samstarfi við umsjónarkennara og situr í Olweusarteymi skólans.

Nemendaverndarráð

Samkvæmt 40. gr. grunnskólalaga skal skólastjóri samræma innan hvers skóla störf þeirra sem sjá um málefni einstakra nemenda er lúta að sérfræðipjónustu, námsráðgjöf og

skólaheilsugæslu með stofnun nemendaverndarráðs. Skólastjóri er ábyrgur fyrir starfrækslu ráðsins og stýrir fundum þess. Nemendaverndarráð er skipað skólastjóra, deildarstjóra sérkennslu, náms- og starfsráðgjafa, skolasálfræðingi, skólahjúkrunarfæðingi og uppeldis- og sálfræðiráðgjafa sveitarfélagsins. Nemendaverndarráð fundar vikulega en mánaðarlega situr fundina jafnframt fulltrúi fjölskylduþjónustu sveitarfélagsins.

Í 17. gr. reglugerðar nr. 584/2010 um nemendaverndarráð í grunnskólum segir um hlutverk þess:

Hlutverk nemendaverndarráðs er að samræma skipulag og framkvæmd þjónustu við nemendur varðandi skólaheilsugæslu, náms- og starfsráðgjöf og sérfræðiþjónustu og vera skólastjóra til aðstoðar um framkvæmd áætlana um sérstaka aðstoð við nemendur. Samstarfið getur verið bæði vegna einstakra nemenda og forvarnarstarfs.

Nemendaverndarráð fjallar um sérstök úrræði fyrir einstaka nemendur eða nemendahópa sem lögð hafa verið fyrir ráðið. Starfsfólk skóla, foreldrar, nemendur og fulltrúar sérfræðiþjónustu skólans, sem og fulltrúar ráðsins, geta óskað eftir því við skólastjóra eða fulltrúa hans í nemendaverndarráði að mál einstakra nemenda eða nemendahópa verði tekin fyrir í ráðinu. Ráðið metur hvaða viðbótarupplýsinga er þörf og boðar á sinn fund umsjónarkennara og foreldra svo og aðra aðila sem tengjast málinu ef þörf krefur.

Þegar ákvörðun hefur verið tekin um nauðsynlegar ráðstafanir, umbætur eða aðgerðir getur skólastjóri falið aðilum innan ráðsins að fylgja málinu eftir ef nauðsyn krefur.

Fræðslubjónusta Skagafjarðar

Samkvæmt reglugerð um sérfræðiþjónustu sveitarfélaga er markmið þjónustunnar að kennslufræðileg, sálfræðileg, þroskafræðileg og félagsfræðileg þekking nýtist sem best í

skólastarfi. Sérfræðiþjónusta skal beinast að því að efla skóla sem faglegar stofnanir sem geti leyst flest þau viðfangsefni sem upp koma í skólastarfi og veita starfsfólki skóla leiðbeiningar og aðstoð við störf sín eftir því sem við á.

Skolasálfræðingur

Skolasálfræðingur veitir þjónustu í samræmi við 40. gr. grunnskólalaga frá 2008 og reglugerð nr. 584/2010 um sérfræðiþjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum. Verkefnin geta verið margvísleg, en fyrst og fremst er um að ræða greiningu á þeim, sem eiga í námslegum og tilfinningalegum erfiðleikum og leit að leiðum þeim til aðstoðar. Skolasálfræðingur veitir ráðgjöf til kennara og foreldra og vísar, ef þörf krefur, til sérhæfðra úrræða utan svæðis.

Talmeinafræðingur

Starf talmeinafræðings felst aðallega í að greina málþroskafrávik hjá börnum á leik- og grunnskólaaldri sem geta lýst sér í slökum málskilningi, málþjáningu og/eða framburðargöllum. Hann finnur orsök þeirra frávika sem finnast í málþroska og veitir kennurum, leikskólakennurum og ekki síst foreldrum ráðgjöf um hvernig tekið skuli á vandanum. Einnig sinnir talmeinafræðingur talkennslu og talþjálfun í þeim tilfellum þar sem ráðgjöf ein og sér dugir ekki til.

Skólaráðgjafi

Skólaráðgjafi sinnir ráðgjöf við nemendur, foreldra og kennara varðandi málefni nemenda. Skólaráðgjafi situr nemendaverndarráðsfundi sem fulltrúi sérfræðiþjónustu, mótteker allar tilvísanir til sérfræðiþjónustu og sér til þess að koma þeim í farveg.

Kennsluráðgjafi

Kennsluráðgjafi innan skólans veitir m.a. leiðsögn og aðstoð við þróunarverkefni og aðstoðar við gerð endurmenntunarstefnu skólans. Hann skipuleggur einnig námskeið og fræðslufundi fyrir starfsfólk skólans og veitir kennurum ráðgjöf við innleiðingu nýrra kennsluháttu og almenna kennsluráðgjöf.

Kennsluráðgjafi frá fræðslusviði aðstoðar við innra mat skólans, kannanir s.s. Skólapúlsinn og situr í fagmennskuteymi skólans.

Fyrirbyggjandi athuganir og mat

Umsjónarkennrar bera ábyrgð á að eftirtalin próf séu lögð fyrir í þeirra bekkjum og leita eftir samstarfi við þá aðila sem eiga að framkvæma kannanirnar.

Eftirtalin próf og kannanir eru lagðar fyrir alla nemendur skólans:

Bekkur	Skimanir	Ábyrgð	Tími
1.	Lesferill- leið til læsis Lesfimi og nefnuhraði Lesfimi, sjónrænn orðaforði, orðleysupróf Tengslakannanir	deildarstjórar/kennrarar umsjónarkennrar umsjónarkennrar umsjónarkennrar	september janúar maí reglulega
2.	Lesfimi Sjónrænn orðaforði, orðleysupróf og nefnuhraði Aston Index stafsetningahluti Tengslakannanir	umsjónark/stuðningsk umsjónark/stuðningsk umsjónark/stuðningsk umsjónarkennrar	sept, jan, maí janúar haustönn reglulega
3.	Lesfimi Sjónrænn orðaforði, orðleysupróf og nefnuhraði Talnalykill, skimun Aston Index stafsetningahluti Orðarún 1 Orðarún 2 Tengslakannanir	umsjónark/stuðningsk umsjónark/stuðningsk sérkennari umsjónark/stuðningsk umsjónark/stuðningsk umsjónark/stuðningsk umsjónarkennrar	sept, jan, maí janúar sept/okt haustönn október apríl reglulega
4.	Lesfimi	umsjónark/stuðningsk	sept, jan, maí

	Samræmd könnunarpróf Orðarún 1 Orðarún 2 Framsagnarpróf Eineltiskönnun, Olweus Tengslakannanir	skólastjórnendur/kennrar umsjónark/stuðningsk umsjónark/stuðningsk umsjónark/stuðningsk skólastjórnendur/kennrar umsjónarkennrar	september október apríl apríl/maí nóvember reglulega
5.	Lesfimi Framsagnarpróf Orðarún 1 Orðarún 2 Aston Index, stafsetningahluti Talnalykill, skimun Eineltiskönnun, Olweus Tengslakannanir	umsjónarkennrar umsjónarkennrar umsjónarkennrar umsjónarkennrar umsjónarkennrar sérkennari skólastjórnendur/kennrar umsjónarkennrar	sept, janúar, maí apríl/maí október apríl miðönn mars/apríl nóvember reglulega
6.	Lesfimi Sjónraðn orðaforði, orðleysupróf, nefnuhraði Framsagnarpróf Orðarún 1 Orðarún 2 Aston Index stafsetningahluti Eineltiskönnun, Olweus Tengslakannanir	umsjónarkennrar sérkennari/umsjónark umsjónarkennrar umsjónarkennrar umsjónarkennrar umsjónarkennrar umsjónarkennrar skólastjórnendur/kennrar umsjónarkennrar	sept, jan, maí janúar apríl/maí október apríl miðönn nóvember reglulega
7.	Lesfimi Samræmd könnunarpróf Framsagnarpróf Orðarún 1 Orðarún 2 Eineltiskönnun, Olweus Tengslakannanir	umsjónarkennrar skólastjórnendur/kennrar umsjónarkennrar umsjónarkennrar umsjónarkennrar umsjónarkennrar skólastjórnendur/kennrar umsjónarkennrar	sept, janúar, maí september apríl/maí október apríl nóvember reglulega
8.	Lesfimi Orðarún 1 Orðarún 2 Eineltiskönnun, Olweus Tengslakannanir	Deildarstj./umsjónarkenn. Deildarstj./umsjónarkenn. skólastjórnendur/kennrar umsjónarkennrar	sept, jan, maí október apríl nóvember reglulega
9.	Lesfimi Sjónraðn orðaforði, orðleysupróf, nefnuhraði Samræmd könnunarpróf Eineltiskönnun, Olweus Tengslakannanir	Deildarstj./umsjónarkenn. sérkennari/umsjónark sérkennari/umsjónark skólastjórnendur/kennrar skólastjórnendur, kennrar umsjónarkennrar	sept, jan, maí september mars nóvember reglulega

10.	Lesfimi Eineltiskönnun, Olweus Tengslakannanir	Deildarstj./umsjónarkenn. skólastjórnendur/kennrarar umsjónarkennrarar	sept, jan, mai nóvember reglulega
-----	--	--	---

Eftirfarandi einstaklingsprófarnir eru gerðar eftir þörfum og þá með tilvísun:

- TOLD - 2P málþroskapróf 4 - 6 ára; TOLD - 2I málþroskapróf 8 - 12 ára.
- Talnalykill - greinir frekar stærðfræðiörðugleika.
- LOGOS - allir þættir lesgreiningar.



7. kafli. Samstarf heimilis og skóla

Samkvæmt grunnskólalögum frá 2008 skal grunnskólinn stuðla að góðu samstarfi heimilis og skóla með það að markmiði að tryggja farsælt skólastarf, almenna velferð og öryggi nemenda. Starfsfólk skóla, nemendur og foreldrar/forsjáraðilar mynda skólasamfélagið í hverjum skóla. Mikilvægt er að þessir hópar vinni vel saman að móturn þessa samfélags og þeirra umgengnisháttar sem eiga að einkenna samskipti innan skólans og utan. Foreldrar/forsjáraðilar allra nemenda gegna mikilvægu hlutverki í námi og þroska barna sinna. Mikilvægt er að þeir taki virkan þátt á fundum og viðburðum sem skólinn boðar til. Á hverju ári er kannað viðhorf foreldra/forsjáraðila nemenda til skólans. Niðurstöður þessarar könnunar eru nýttar til að bæta starf skólans eins og kostur er.

Öflugt samstarf heimilis og skóla og sterk samstaða um grundvallarviðmið er besta veganestið sem við getum gefið börnum og ungmennum og hefur mikið forvarnargildi.

Mentor – fjölskylduvefur

Árskóli er í samstarfi við Mentor – fjölskylduvef, en þar er hægt að nálgast upplýsingar um ástundun og hegðun nemenda, heimanámsáætlanir, námslotur vetrarins, námsmat, bekkjarista og stundatöflur. Nemendur og foreldrar/forsjáraðilar fá veflykil hjá skólaritara við upphaf skólagöngu sem veitir nemendum og heimilum aðgang að upplýsingunum. Mikilvægt er að foreldrar/forsjáraðilar skrái netföng hjá ritara skólans því algengast er að tilkynningar séu sendar út rafrænt. Ef lykilorð týnist er hægt að fá nýtt hjá ritara. Heimasíða Mentors er á www.mentor.is, en einnig er hægt að tengjast fjölskylduvef frá heimasíðu skólans. Snjalltækjaútgáfu af Mentor fyrir nemendur og foreldra er hægt að nálgast með Mentorappinu í App Store eða Google Play.

Kynningar- og fræðslufundir

Í upphafi hvers skólaárs boða umsjónarkennarar hvers bekkjar eða árgangs foreldra/forsjáraðila til sín og kynna þeim starf komandi vetrar. Þar gefst tækifæri til að ræða einstök mál er varða nám og annað er lýtur að starfinu. Foreldrar/forsjáraðilar nemenda 1. bekkjar mæta í sérstök viðtöl hjá umsjónarkennurum við upphaf skólagöngu barna sinna. Foreldrafræðslufundir eru haldnir að hausti fyrir foreldra/forsjáraðila nemenda í 1., 5. og 8. bekk. Í tengslum við forvarnarfræðslu nemenda skólans eru foreldrar/forsjáraðilar ávallt boðaðir til fundar sem einungis er ætlaður þeim. Nokkrum sinnum á vetri eru flutt fræðsluerindi á vegum skólans sem foreldrum/forsjáraðilum býðst að sækja. Þegar skólaferðalög, fjáraflanir nemenda eða aðrir sérstakir viðburðir standa fyrir dyrum eru foreldrar/forsjáraðilar gjarnan boðaðir til fundar þar sem fyrirhugaður viðburður er kynntur, málin rædd og leitað eftir samþykki og samstarfi.

Tölvusamskipti

Mikið er lagt upp úr tölvusamskiptum í Árskóla og eru flestir starfsmenn skólans með netfang. Hvatt er til að nota tölvupóst til að koma skilaboðum og tilkynningum áleiðis. Hins vegar er tölvupóstur ekki örugg samskiptaleið og óæskilegt að hann sé notaður til að ræða viðkvæm og persónuleg málefni. Ef um viðkvæm mál er að ræða er æskilegra að hafa símasamband eða koma á fundi. Foreldrar geta óskað eftir viðtali við kennara með símtali eða tölvupósti. Einnig kemur ritari skilaboðum til kennara ef óskað er eftir að þeir hafi samband.

Foreldrafélag

Við skólann er starfandi foreldrafélag sem er skipað fulltrúum foreldra/forsjáraðila og einum fulltrúa starfsmanna. Foreldrafélagið starfar samkvæmt eigin lögum sem finna má

á vef skólans. Félagið hefur m.a. skipulagt fyrirlestra um skóla- og uppeldismál ásamt ýmsum viðburðum í samstarfi við skólann og starfsfólk hans.

Markmið foreldrafélagsins eru að:

- vera samstarfsvettvangur foreldra/forsjáraðila nemenda í skólanum.
- styðja heimili og skóla við að skapa nemendum góð uppeldis- og menntunarskilyrði.
- koma á framfæri sjónarmiðum foreldra/forsjáraðila varðandi skóla og uppeldismál.
- standa vörð um réttindi barna til mennta og aukins þroska.
- efla tengsl heimila og skóla.

Viðaldagur

Tvisvar á hverju skólaári er formlegur viðaldagur. Þá eru foreldrar/forsjáraðilar boðaðir ásamt nemendum í viðtal hjá umsjónarkennara. Aðrir kennarar og starfsmenn eru einnig til viðtals á þessum degi. Líðan nemenda og námsmat er notað sem umræðugrundvöllur í þessum viðölum. Tilgangur viðaldaga er m.a. að:

- nemendur fái endurgjöf um nám sitt og hegðun ásamt hrósi og ábendingum um hvort eitthvað megi betur fara.
- veita nemendum og foreldrum/forsjáraðilum þeirra upplýsingar um framvindu náms.

Heimsóknir foreldra/forsjáraðila í kennslustundir

Foreldrar/forsjáraðilar eru velkomnir í heimsókn í kennslustundir. Gott er þó fyrir viðkomandi kennara að vita af fyrirhugaðri heimsókn, sem þá getur skipulagt kennslustundina þannig að gestirnir geti verið virkir þátttakendur.

Vinnustaðakynningar

Foreldrar/forsjáraðilar, sem hafa áhuga á og eiga þess kost að bjóða bekjardeildum og kennurum þeirra í heimsókn á vinnustað sinn, eru hvattir til þess. Einnig geta foreldrar/forsjáraðilar komið í kennslustund og kynnt störf sín.

Bekkjarfulltrúar - tengiliðir

Hver árgangur á sér fjóra fulltrúa foreldra/forsjáraðila sem eru tengiliðir umsjónarkennara/skólans við heimilin í viðkomandi árgangi í ýmsu er varðar félagsstarf bekjarins. Umsjónarkennrarar funda með sínum tengiliðum eins oft og þurfa þykir en þó að minnsta kosti tvisvar á vetri. Skal fyrsti fundur vera sem fyrst eftir að skólastarf hefst að hausti. Tengiliðir ákvarðast að hausti eftir stafrófsröð nemenda og starfa í eitt skólaár í senn.

Nöfn og netföng tengiliða er að finna á vef skólans.



8. kaflí. Þróunarstarf og mat

Mat á skólastarfi

Samkvæmt 35. og 36. grein grunnskólalaga frá 2008 ber öllum grunnskólum að framkvæma kerfisbundið sjálfsmat. Í Aðalnámskrá grunnskóla 2011 kemur fram að mat á skólastarfi sé lögbundið eftirlitsstarf skóla og skólayfirvalda. Tilgangur matsins er að tryggja réttindi nemenda, stuðla að skólaumbótum, veita upplýsingar um skólastarf og tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár grunnskóla. Skólar bera sjálfir ábyrgð á að framkvæma svokallað innra mat, þar sem ætlast er til að allir þættir skólastarfs séu metnir með kerfisbundnum hætti. Í Aðalnámskrá grunnskóla 2011 byggir menntastefnan á sex grunnþáttum menntunar sem áður hefur verið gerð skil í 2. og 4. kafla. Grunnþættirnir eiga að vera leiðarljós í öllu skólastarfi og þegar skólastarf er metið þarf að skoða hvernig grunnþættirnir hafa sett mark sitt á alla þætti skólastarfsins. Mennta- og menningarmálaráðuneytið, og eftir atvikum sveitarfélög, annast hins vegar svokallað ytra mat á skólastarfi. Ytra matið felst m.a. í úttektum á skólastarfi í heild eða einstökum þáttum þess.

Innra mat

Í skólastefnu Sveitarfélagsins Skagafjarðar er lögð áhersla á að mat á skólastarfi, jafnt innra sem ytra mat, tryggi þróun og umbætur í skólum Skagafjarðar. Í anda skólastefnunnar leggur starfsfólk Árskóla ríka áherslu á að meta alla þætti skólastarfsins kerfisbundið. Matsniðurstöður og umbótaáætlun í kjölfar mats og eftirfylgni hennar leiðir svo til áframhaldandi þróunar skólastarfsins. Frá árinu 1999 hefur starfsfólk Árskóla byggt sjálfsmat skólans á skoska sjálfsmatskerfinu *How Good Is Our School* sem hefur fram til þessa heitið **Gæðagreinar** í íslenskri þýðingu. Voríð 2016 kom út ný útgáfa af sjálfsmatskerfinu á íslensku og var nafninu þá breytt í „**Hversu góður er grunnskólinn**

okkar.“ Farsælt samstarf hefur verið við starfsfólk skosks skóla, Balwearie High í Kirkaldy, undanfarinn áratug við innleiðingu sjálfsmatsaðferðanna í Árskóla. Áætlun um sjálfsmat er gerð til þriggja ára í senn. Sú áætlun getur tekið breytingum á tímabilinu þar sem aðstæður geta kallað á breyttar þarfir. Þetta sjálfsmatskerfi var valið meðal annars vegna þess að kerfið er einfalt í notkun, sveigjanlegt, skilvirk, gefur góða yfirsýn yfir skólastarfið og leiðir til aukinna gæða í skólastarfi. Auðvelt er að taka inn nýja þætti og bregðast við og skoða einstaka þætti skólastarfsins þegar þörf er á. Á undanförnum misserum hefur starfsfólk Árskóla aðlagað Gæðagreinana að sérstöðu skólans, m.a. með því að búa til nýja Gæðagreina um þætti í starfi skólans. Allt starfsfólk skólans tekur þátt í matinu. Nemendur og foreldrar hafa einnig verið virkjaðir til þátttöku í mati á skólastarfi með aðferðum Gæðagreina og taka því með þeim hætti virkan þátt í mótu skólastarfs eins og skólastefna sveitarfélagsins kveður á um. Matið er unnið í hópum og er aðalatriðið að styrkleikar og þeir þættir sem þarfnaða úrbóta í gæðagreininum séu dregnir fram og rökstuddir. Settar eru fram tillögur um aðgerðir sem útfærðar eru nánar í þróunaráætlun sem unnin er í kjölfar mats. Sjálfsmatsvinna með Gæðagreinum er órjúfanlegur þáttur skólastarfs í Árskóla. Með skýrum markmiðum skólanámskrár og kerfisbundnu mati á skólastarfinu skapast góður jarðvegur til áframhaldandi eflingar skólastarfs í Árskóla. Þess má geta að starfsfólk skólans hefur kynnt og aðstoðað við innleiðingu á sjálfsmatsaðferðum skólans, Gæðagreinum, í skólum víða um land.

Árlegar kannanir

Þegar skólastarf er metið er mikilvægt að nota árangursríkar leiðir til að leita eftir skoðunum allra hagsmunaaðila um gæði skólastarfsins. Í Árskóla eru kannanir sem styðja við sjálfsmat skólans lagðar fyrir nemendur, foreldra og starfsfólk með reglubundnum hætti. Niðurstöður úr slíkum könnunum gefa góðar vísbendingar um skólastarfið. Þegar niðurstöður eru jákvæðar um skólastarfið styrkir það skólasamfélagið til áframhaldandi góðra verka. Þegar niðurstöður draga fram veikleika í skólastarfinu er

reynt að bregðast við með viðeigandi umbótum eins fljótt og auðið er. Það er því mikilvægt að ná til sem flestra þegar kemur að því að meta skólastarfið.

Nemendakönnun

Nemendur í 6. – 10. bekk taka þátt í rafrænni nemendakönnun Skólapúlsins jafnt og þétt yfir skólaárið. Gott aðgengi er því að gögnum/vísbendingum sem nota má við sjálfsmat skólans.

Foreldrakönnun

Foreldrakönnun er lögð fyrir rafrænt í gegnum Skólapúlsinn og er framkvæmd í febrúar annað hvert ár. Könnunin er lögð fyrir foreldra barna á öllum aldursstigum. Niðurstöður á yngsta, mið- og ungingastigi eru birtar með samanburði við landsmeðaltal í byrjun mars svo lengi sem 80% svarhlutfalli hefur verið náð. Gott aðgengi er því að gögnum/vísbendingum sem nota má við sjálfsmat skólans.

Starfsmannakönnun/skimun

Á hverju vori er lögð fyrir starfsmannakönnun/skimun þar sem tilgangurinn er að fá yfirlit yfir stöðu allra lykilþátta skólastarfsins. Spurningarnar og svör við þeim eru flokkaðar skv. Gæðagreinunum og nýtast við sjálfsmat skólans.

Skólinn tekur einnig þátt í starfsmannakönnun Skólapúlsins sem fer fram í mars.

Ytra mat

Tvívegis hefur úttekt verið gerð á sjálfsmatsaðferðum skólans á vegum menntamálaráðuneytisins, árin 2004 og 2009. Uppfyllti skólinn viðmið um sjálfsmatsaðferðir og framkvæmd þeirra í bæði skiptin.

Í október 2010 var starfsemi Árskóla tekin út á vegum Menntamálaráðuneytisins. Markmið úttektarinnar var að leggja mat á starfsemi skólans með hliðsjón af gildandi

lögum, reglugerðum og Aðalnámskrá grunnskóla 2011. Áhersla var lögð á stefnu og stjórnun, skipulag kennslu, innra mat, námskröfur, fyrirkomulag námsmats, val í námi og sérfræðipjónustu sveitarfélagsins. Úttektin beindist einnig að mati og eftirliti sveitarfélagsins með skólastarfi og hvernig það nýtist skólanum. Meginniðurstöður madsaðila eru birtar á eftirfarandi [vefslóð](#).

Þróunarstarf

Í Árskóla leggja starfsmenn og nemendur sig fram um að skapa virkt lærdomssamfélag. Markmiðið er að Árskóli sé **skóli sem lærir**. Með öflugu innra mati á skólastarfinu skapast grundvöllur til umbóta og nýtingar sóknarfæra til eflingar skólastarfs. Mörg umbótaverkefni hafa eft skólastarfið í kjölfar sjálfsmats. Samstarf um þróunarstarf við aðila utan skólans, s.s. við aðra skóla og stofnanir, hefur einnig verið farsælt og auðgað skólastarf í Árskóla.

Þróunarstarf er verkefni allra sem að skólastarfinu koma. Fagleg forysta stjórnenda er lykilinn að því að leiða árangursríkar umbætur í skólastarfinu. Markviss símenntunaráætlun skólans er ennfremur jarðvegur fyrir nýbreytni í skólastarfinu. Í Árskóla deilir allt starfsfólk sameiginlegrí ábyrgð á gæðum skólastarfs og hefur hag nemenda að leiðarljósi í öllum störfum.

Fagmennska starfsfólks

Þróunarverkefnið *Fagmennska starfsfólks* hófst í Árskóla 2009 og hefur verið fram haldið allar götur síðan. Markmið verkefnisins var að nýta þann mannað sem fyrir er í skólanum til að auka fagmennsku hvers og eins, efla samvinnu á milli kennara og/eða starfsmanna og styrkja um leið sjálfsmat skólans. Í verkefninu hefur sérstök áhersla verið lögð á félagastuðning þar sem starfsfólk skólans hefur fengið nýjan vettvang til að miðla þekkingu í starfi sín á milli með heimsóknum hvert til annars. Lagt var upp með að hver

starfsmaður legði sig fram um að ígrunda eigið starf með það að markmiði að efla fagmennsku sína í *skóla sem lærir*.

Síðastliðin ár hefur áherslan verið á að innleiða nýtt námsmat og aðlaga það að skólastarfinu samhliða aukinni tæknivæðingu skólastarfsins.

Upplýsingatækni

Á vegum fræðsluþjónustunnar starfar kennsluráðgjafi í upplýsingatækni og vinnur hann, ásamt tækniteymi, að móton stefnu skólans í upplýsingatæknimálum og aðstoðar starfsfólk og nemendur í kennsluháttum og námstækni í takt við tæknipróoun. Haustið 2017 var þeim áfanga náð að spjaldtölvuvæða allan skólann þar sem allir nemendur í 5. - 10. bekk hafa aðgang að spjaldtölvu til náms í skólanum. Á yngsta stigi hefur helmingur nemenda aðgang að spjaldtölvum í einu.

Byrjentalæsi

Kennrar á yngsta stigi Árskóla hófu þáttöku í tveggja ára þróunarstarfi með Skólaþróunarsviði Háskólans á Akureyri við að innleiða vinnubrögð og kennsluhætti Byrjentalæsis haustið 2010 og lauk því formlega vorið 2012. Eftirleiðis sjá leiðtogar innan skólans um að halda utan um verkefnið. Byrjentalæsi er samvirk kennsluaðferð í læsi ætluð nemendum í 1. og 2. bekk og er mótuð og þróuð undir forystu Rósu Eggertsdóttur. Í Byrjentalæsi er unnið með lestur, ritun, tal og hlustun á heildstæðan hátt og lögð áhersla á orðaforða og lesskilning. Viðfangsefni eru sótt í merkingarbæran texta og þá gjarnan í barnabækur. Mikið er lagt upp úr samvinnu nemenda og einstaklingsmiðun í kennslu.

Orð af orði

Haustið 2013 hófu kennarar í Árskóla þáttöku í þróunarverkefninu Orð af orði þar sem unnið er að eflingu orðaforða og hugtakaskilnings nemenda. Náði verkefnið til allra námsgreina og allra skólastiga, tengdist vinnu við Byrjendalæsi á yngsta stigi og var í raun rökrétt framhald af því. Við innleiðinguna naut skólinn aðstoðar frá Skólaþróunarsviði Háskólans á Akureyri.

Umsjónartímar í 8. – 10. bekk

Nemendur á ungingastigi fá 10 mínumánuðna umsjónartíma í upphafi hvers skóladags. Þar hitta umsjónarkennarar bekkinn sinn, taka manntal og skoða stöðuna fyrir daginn. Þessi tími er einnig nýttur til að koma ýmsum upplýsingum til nemenda varðandi skipulag dagsins. Reynslan af þessum umsjónartímum er afar góð að mati nemenda og kennara.

Samstarf við aðra skóla

Í Árskóla er hefð fyrir samstarfi við aðra skóla og skólastig bæði hérlandis sem erlendis. Áhersla er lögð á þróunarverkefni/samstarfsverkefni sem auðga námsreynslu nemenda. Einnig er lögð áhersla á samstarf starfsfólks um nám og kennslu og annað er viðkemur starfsþróun hvers og eins.

Árskóli tekur reglulega þátt í Evrópuverkefnum sem styrkt eru af Erasmussjóði sem er hluti af Menntaáætlun Evrópusambandsins.

Samstarf við leikskólann Ársali á Sauðárkróki byggir á gagnkvæmum heimsóknum nemenda. Má þar nefna upplestur nemenda í 7. bekk, sem er hluti af þjálfun þeirra fyrir árlega upplestrarkeppni. Nemendur 6. bekkjar fara á aðventu í árlega heimsókn í leikskólann þar sem Lúsíusöngvar eru sungnir. Nemendur 10. bekkjar kynna árlega uppsetningu á leikverki og fl. Gagnkvæmar heimsóknir skólahóps og nemendahóps á

yngsta stigi eru tíðar. Kennaraskipti milli skólastiganna fara einnig fram nokkrum sinnum á ári.

Árskóli tekur þátt í þverfaglegum verkefnum með öðrum grunnskólum í sveitarféluginu. Má þar nefna Vinaverkefnið, Olweusarverkefnið, Fléttuna og fl. Einnig er samvinna um endurmenntun starfsfólks. Reglulega eru aðrir grunnskólar hérlendis sem erlendis heimsóttir með það að markmiði að víkka sjóndeildarhring starfsfólks og koma á samstarfi.

Samstarf er við Fjölbraudaskóla Norðurlands vestra um kennslu í nokkrum valgreinum. Einnig er um að ræða fræðslu þegar nemendur flytjast á milli skólastiga. Þeim nemendum sem lokið hafa námsmarkmiðum 10. bekkjar í 9. bekk, þ.e. í íslensku, ensku, dönsku og stærðfræði gefst kostur á að stunda fjarnám við FNV að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Árlega hafa nemendur í 9. bekk tekið þátt í stærðfræðikeppni sem FNV stendur fyrir.

Árskóli á í samstarfi við Háskólann á Hólum þar sem nemendum 9. bekkjar er boðið upp á valgrein í hestamennsku. Það eru nemar háskólans á hestabraut sem leiðbeina nemendum 9. bekkjar á viku námskeiði um ýmislegt er viðkemur hestamennsku. Kennsla háskólanemanna er jafnframt hluti af námi þeirra þar sem þeim er ætlað að skila ákveðnum hluta náms síns í æfingakennslu.

Árskóli er í góðu samstarfi við Tónlistarskóla Skagafjarðar, en haustið 2016 flutti Tónlistarskólinn inn í húsnæði Árskóla og gefur það aukna möguleika á samstarfi, m.a. varaðndi söngstarf. Árlega sér kennari frá Tónlistarskólanum um undirleik fyrir Lúsíuhátíð nemenda í 6. bekk.

9. kaflí. Starfsmenn

Starfsánægja

Samskipti starfsfólks Árskóla grundvallast á samheldni og stuðningi hvert við annað. Mikið er lagt upp úr góðum starfsanda og ánægju starfsmanna þar sem einkunnarorð skólans, *lifa – leika – læra*, skína í gegnum starfið. Starfsfólk tekur virkan þátt í ákvarðanatöku skólans með opnum skoðanaskiptum og góðu upplýsingaflæði.

Fagmennska starfsfólks

Í Árskóla starfar fagmennskuteymi sem heldur utan um námsmatsvinnu, sjálfsmat og félagastuðning. Markmiðið með félagastuðningi er að hverjum starfsmanni gefist kostur á að fylgjast með starfi samstarfsfélaga á vettvangi, eftir áhugasviði. Einnig að stuðla að starfsþróun hvers og eins og nýta til þess þann mannað sem fyrir er í Árskóla og að efla þekkingu alls starfsfólks á fjölbreytileika skólastarfs í Árskóla.

Vinnuumhverfi

Í Árskóla einkennist vinnuumhverfið af góðum starfsanda og mikilli samvinnu. Vellíðan nemenda og starfsfólks er í fyrirrúmi.

Siðfræði

Starfsfólk virðir og vinnur samkvæmt siðareglum hverrar starfsstéttar.

[Siðareglur kennara.](#)

[Siðareglur náms- og starfsráðgjafa.](#)

[Siðareglur þroskabjálfa.](#)

[Siðareglur hjúkrunarfræðinga.](#)

Starfsfólk ber að gæta trúnaðar við nemendur og virða þann trúnað sem nemendur sýna því. Því ber að gæta þagmælsku um einkamál nemenda og forráðamanna þeirra sem það fær vitneskju um í starfi. Samkvæmt 17. gr. laga um barnavernd nr. 80 frá 2002 er starfsfólk skylt að tilkynna til barnaverndaryfirvalda ef það verður vart við að barn búi við óviðunandi uppeldisskilyrði, verði fyrir áreitni eða ofbeldi eða að barn stofni heilsu sinni og þroska í alvarlega hættu. Tilkynningarskylda gengur framar ákvæðum laga.

Starfsreglur og lög

Starfsmenn fylgja þeim starfsreglum og lögum sem gilda um störf í grunnskólum sem og starfsmannastefnu sveitarfélagsins. Starfsmönnum ber að sýna nemendum, forsjáraðilum og samstarfsmönnum háttvísí og virðingu.

Móttaka nýrra starfsmanna

Þegar nýr starfsmaður tekur til starfa fær hann kynningu á þeim atriðum sem varða vinnustaðinn og starfsemi hans. Starfsmanni eru afhent ýmis gögn er varða skólastarfið eða bent á hvaða gögn þeir þurfi að kynna sér, s.s. skólanámskrá, vefsíðu skólans o.fl. Nýir kennrarar, byrjendur í kennslu, fá leiðsögn fyrsta árið gjarnan hjá deildarstjóra stigs. Nýir starfsmenn eru oftast undir handleiðslu næsta yfirmanns, s.s. deildarstjóra eða samstarfskennara/ árgangastjóra.

